

SVEINN YNGVI EGILSSON

„Riddarinn hallast við brotinn brand, bleik er hans unga kinn“

Um birtingarmyndir berkla í skáldskap

1. *Berklar og berklahæli*

Berklaveiki hefur herjað á mannkynið í þúsundir ára. Beinagrindur frá Egyptalandi hinu forna benda til þess að sjúkdómurinn hafi þá þegar verið orðinn útbreiddur.¹ Í kjölfar iðnvæðingar og þéttbýlismyndunar á 19. öld urðu berklar að heimsfaraldri en mannmörg húsakynni og óhreinlæti flýttu þá fyrir útbreiðslunni. Tilfellum hefur fækkað mikið síðan en berklar eru þó enn sá smitsjúkdómur sem dregur flesta til dauða í heiminum.² Orsakir berkla voru ókunnar lengi vel og jafnvel talið að þeir væru arfgengir eða legðust helst á gáfuð ungmenni. Síðari tilgátan var skiljanleg að því leyti að ungt fólk var sá aldurshópur sem verst varð úti í berklafaraldri 19. aldar. Hugmyndir um sjúkdóminn fóru þá að lifa sjálfstæðu lífi og tengdust æsku, fegurð, gáfum, dæmdri ást og depurð eða þunglyndi. Þannig voru berklar rómantísir og tóku á sig fagurfræðilega mynd í bókmenntum og listum. Berklaveikar kvenhetjur sungu sig inn í hjörtu heimsins í óperum eins og *La traviata* eftir Giuseppe Verdi (1853) og *La bohème* eftir Giacomo Puccini (1896).

¹ Um sögu berkla í alþjóðlegu samhengi, sjá I. Barberis, N. L. Bragazzi, L. Galluzzo og M. Martini, „The History of Tuberculosis. From the First Historical Records to the Isolation of Koch’s Bacillus“, *Journal of Preventive Medicine and Hygiene* 58: 1/2017, bls. E9–E12; Mickael Orgeur, Camille Sous, Jan Madacki og Roland Brosch, „Evolution and Emergence of *Mycobacterium tuberculosis*“, *FEMS Microbiology Reviews* 48: 2/2024, bls. 1–18.

² Árið 2023 voru berklatilfelli 10,8 milljónir á heimsvísu og það ár létust 1,25 milljón manna af völdum sjúkdómsins (sjá heimasíðu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar: <https://www.who.int/news-room/fact-sheets/detail/tuberculosis>, dagsett 14. mars 2025, sótt 11. ágúst 2025; sjá einnig John Green, *Everything is Tuberculosis. The History and Persistence of Our Deadliest Infection*, New York: Crash Course Books, 2025, bls. 4).



Á síðari hluta 19. aldar urðu uppgötvanir í lækisfræði til þess að auka skilning manna á eðli og útbreiðslu berkla. Árið 1865 sýndi franskir lækirinn Jean-Antoine Villemin fram á að þeir væru smitsjúkdómur. Árið 1882 gerði þýski lækirinn Robert Koch svo þá mikilvægu uppgötvun að berklar orsökudust af bakteríu (*Mycobacterium tuberculosis*). Ekki tókst þó að framleiða árangursrík lyf við sjúkdómnum fyrr en um miðja 20. öld. Sjúkdómsgangurinn er yfirleitt hægari en í öðrum far-sóttum og fyrir daga sýklalyfja gátu sjúklingar þurft að bíða lengi á milli vonar og ótta um hvernig þeim reiddi af. Þrátt fyrir lyfjaskortinn þróudust viðhorf til berkla og meðferð við þeim talsvert frá 19. og fram á 20. öld. Reynt var að greina og einangra einstaklinga sem höfðu sýkst til að forða frekara smiti. Heilsuhæli voru stofnuð og berklasjúklingum boðið upp á hollt mataræði, útiloft og hvíld. Aðgerðir eins og blásning, brennsla og höggnung gátu líka skilað árangri en dánarhlutfall þeirra sem smituðust af berklum var áfram hátt.

Um 1900 var útbreiðsla berkla orðin slík að víða um lönd var litíð á þá sem almenna heilsuvá eða þjóðarmein. Þannig eru þeir skilgreindir í þýðingu Guðmundar Björnssonar lækis á bók eftir S. A. Knopf, *Um berklaveiki sem þjóðarmein og ráð til að útrýma henni* (1903, 2. útg. 1904).³ Berklaveiki gekk undir ýmsum nöfnum á Íslandi en Guðmundur Magnússon lækir hafði í grein árið 1895 búið til nýyrðið *berkill*, ft. *berklar* upp úr orðunum *tuberkel* og *tuberkulose*.⁴ Meðal annarra heita á íslensku yfir berklaveiki eru berklasótt, berklasýki, brjósttæring, brjóstveiki, hvíti dauði, lungnaberklar, lungnatæring og tæring en það heiti var oftast notað um lungnaberkla sem gátu valdið miklu þyngdartapi hjá sjúklingum.⁵ Heilsuhælið á Víflsstöðum í Garðahreppi (nú Garðabæ) tók til starfa árið 1910 og Kristneshælið í Eyjafirði árið 1927. Hælin voru ekki aðeins sjúkrahús heldur líka menningarmiðstöðvar og samkomustaðir enda dvaldi þar fjöldi fólks um lengri eða skemmri tíma og reyndi að njóta lífsins eins og hægt var.⁶ Um það

³ S. A. Knopf, *Um berklaveiki sem þjóðarmein og ráð til að útrýma henni. Verðlaunarit eftir S. A. Knopf lækni í New-York. Hlaut verðlaun alþjóðafundar um varnir gegn berklaveiki sem þjóðarmeini, er háður var í Berlín 24.–27. maí 1899*, íslensk þýðing með ýmsum breytingum eftir Guðmund Björnsson lækni í Reykjavík, 2. útg. (frumútg. 1903), Reykjavík: Landssjúður, 1904. Titill á frummálinu: *Tuberculosis as a Disease of the Masses, and How to Combat It. Prize Essay*, New York: M. Firestack, 1901.

⁴ Guðmundur Magnússon, „Um lungnatæringu á Íslandi“, *Eimreiðin* 1/1895, bls. 32–37, sjá einkum bls. 34.

⁵ Um sögu berkla á Íslandi, sjá Sigurður Sigurðsson, „Um berklaveiki á Íslandi“, *Lækna-bladið* 62: 1976, bls. 3–50; Þuríður Árnadóttir, Þorsteinn Blöndal, Birna Oddsdóttir, Hrafnkell Helgason og Júlíus K. Björnsson, „Berklaveiki á Íslandi 1975–1986“, *Lækna-bladið* 75: 1989, bls. 209–216. Erla Dóris Halldórsdóttir vinnur nú að riti um berkla á Íslandi 1890–1950.

⁶ Steinar J. Lúðvíksson „Vífilsstaðir – Borgríki vonarinnar“, *Saga Garðabæjar frá landnámi*

vitna orð Sigurveigar Guðmundsdóttur (1909–2010) sem lýsir veru sinni á Vífilsstöðum 1928:

En hælið gaf mörgum tækifæri til sjálfsmenntunar á ýmsum sviðum. Í rauninni gat veran þar stundum líkst dvöl á lýðháskóla. Þarna var gott bókasafn, fjöldi vel gefins fólks úr öllum landsfjórðungum – og þessi mikli tími til alls, sem mann langaði til að kynna sér, af þeim góðu hlutum sem þarna voru á boðstólum, þrátt fyrir þjakandi mein og nábyli við dauðann.⁷

Frá 2019 hefur María Pálsdóttir starfrækt Hælið, setur um sögu berklanna í Kristnesi.⁸ Safingestir geta þar fengið innsýn í aðstæður berklasjúklinga og séð muni og heimildir um ævi og örlög fólks á hælínu. Bréfaskrif varpa ljósi á líðan þeirra sem dvöldu á berklahælum og nýlega gaf Úlfar Bragason út bréf Ingunnar Sigurjónsdóttur (1906–1931) sem var bæði á Vífilsstöðum og í Kristnesi.⁹

Berklasjúklingar sömdu líka skáldverk sem lýsa hugarheimi þeirra og veruleika eins og fjallað verður um í þessari grein. Meðal íslenskra rithöfunda og skálda sem fengu berkla eru Ólöf Sigurðardóttir á Hlöðum (1857–1933), Jóhann Gunnar Sigurðsson (1882–1906), María Jóhannsdóttir (1886–1924), Stefán Sigurðsson frá Hvítadal (1887–1933), Elínborg Lárusdóttir (1891–1973), Jóhann Jónsson (1896–1932), Guðfinna Jónsdóttir frá Hömrum (1899–1946), Málfríður Einarsdóttir (1899–1983), Hugrún (Filippía Kristjánsdóttir, 1905–1996), Arnfríður Jónatansdóttir (1923–2006),¹⁰ Sigfús Daðason (1928–1996) og Vilborg Dagbjartsdóttir (1930–2021). Lífslíkur berklasjúklinga bötnuðu á 20. öld

til 2010, 4. bindi, Reykjavík: Garðabær, 2015, bls. 211–299; Brynjar Karl Óttarsson, *Í fjarlægð. Saga berklasjúklinga á Kristnesihæli*, Akureyri: Grenndargralið, 2017. Berklar koma við sögu fleiri sjúkrahúsa, meðal annars Farsóttahúss Reykjavíkur í Þingholtsstræti (sjá Kristín Svava Tómasdóttir, *Farsótt. Hundrað ár í Þingholtsstræti* 25, Reykjavík: Sögufélag, 2022, bls. 132–139 og 215–220).

⁷ Sigurveig Guðmundsdóttir, „Það var á æskuárum. Minningar frá árinu 1928“, *Tímarit Máls og menningar* 25: 1964, bls. 211–220, hér bls. 219–220. Sigurveig lifði langa ævi og starfaði sem kennari í Hafnarfirði auk þess sem hún var formaður Kvenréttindafélags Íslands (sjá Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, *Pegar sálin fer á kreik. Minningar Sigurveigar Guðmundsdóttur*, Reykjavík: Forlagið, 1991).

⁸ Heimasíða: www.haelid.is, sótt 11. ágúst 2025.

⁹ Ingunn Sigurjónsdóttir, *Þessar einlæg. Bréf frá berklahælum*, ritstjóri Úlfar Bragason, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2024 (Úlfar skrifar fróðlegan inngang að bókinni á bls. 11–39).

¹⁰ Sjá lýsingu Arnfríðar á dvöl sinni á berklahæli í Hveragerði árin 1937–1938, „Hvar er mitt vor?“ Dagbókarbrot frá Reykjahæli“, *Tímarit Máls og menningar* 51: 1990, bls. 49–58.

eins og sjá má á æviárum síðastnefndu höfundanna sem náðu hærri aldri en þau sem fædd voru á 19. öldinni. Málfríður Einarsdóttir dvaldi á Vífilstöðum 1929–1931 og lýsir þróuninni frá 19. til 20. aldar í bók sinni *Samastaður í tilverunni*:

Á öldinni sem leið og liðnum öldum, var meðferð á berklasjúklingum svo vitlaus, að þeir vesalingar, sem fyrir þessum veikindum urðu, dóu flestir, og því hættara var þeim sem nákvæmar var farið að læknisráðum. Þess var vandlega gætt að enginn gustur kæmi að sjúklingnum, því álitíð var að í útiloftinu, og einkum kvöldloftinu, væru óhollir dampar, og var þess vandlega gætt að loka gluggum þegar sól var sest. Þessi dampakenning réð ríkjum í Reykjavík á 19. öld.¹¹

Svo lýsir hún heilsuhælunum sem komið var á fót í Þýskalandi á seinni hluta 19. aldar og í Danmörku um aldamótin 1900:

Meðferð sjúklinga á heilsuhælum var á viti byggð, og næsta ólík því sem áður hafði tíðkast. Í stað þess að loka gluggum voru nú allir gluggar galopnaðir [...] Í stað hreyfingarleysis og innisetu í vondu lofti komu göngur í skógi eða fjallahlíðum, til hressingar og styrkingar, við söng fugla og nið lækja, svo að sjúklingunum leiddist ekki á göngunni, en þess á milli var legið á legubekk í byrgi eða skála, opnum mótí sunnanátt. [...] Jafnframt var séð um góðan aðbúnað, þrifnað, hollan mat, nægan svefn.¹²

Þessari aðferð lýsir Thomas Mann (1875–1955) í skáldsögunni *Töfrafallið* (*Der Zauberberg*, 1924) sem er þekktasta verk bókmenntasögunnar sem látið er gerast á heilsuhæli fyrir berklasjúka. Málfríður og Mann draga hvort um sig upp myndir af því mannlífi og ástandi sem einkennir slíkar stofnanir, þar sem takast á andstæður lífs og dauða, heilbrigðis og veikinda, þrár og örvæntingar.¹³

Íslenskur skáldskapur sem tengist berklum er mikill að vöxtum og honum verða ekki gerð skil í einni grein. Hér verður efnið afmarkað við valin ljóð frá

¹¹ Málfríður Einarsdóttir, *Samastaður í tilverunni*, Reykjavík: Ljóðhús, 1977, bls. 271.

¹² Sama rit, bls. 271–272.

¹³ Gauti Kristmannsson vinnur nú að íslenskri þýðingu á *Der Zauberberg*. Hann var í hópi lista- og fræðafólks sem stóð á árunum 2013–2020 fyrir sýningum og gjörningum undir heitinu „Leiðangurinn á Töfrafallið“ en þar var evrópsk samtímamennning könnuð með hliðsjón af skáldsögu Thomasar Mann (sjá Markús Þór Andrésson, „Listamaður mánaðarins“, *Leknablaðið* 103: 2017, bls. 359).

fyrri hluta 20. aldar en líka sótt í eldri kvæði til samanburðar. Fyrst verður fjallað um erlendar rannsóknir á birtingarmyndum berkla í skáldskap og síðan leitað svara við því hvort hliðstæð einkenni megi greina í íslenskri ljóðagerð. Könnunin beinist sérstaklega að ljóðum eftir Jóhann Gunnar Sigurðsson, Stefán frá Hvítadal og Guðfinnu frá Hömrum sem öll dóu úr berklum. Auk þess verður gerð grein fyrir þeim hugmyndaklasa sem tengist sjúkdómum eins og berklum á 19. og 20. öld enda skiptir hann máli fyrir skilning á ljóðagerðinni.



Mynd 1. Sjúka barnið (Det syke barn), málverk eftir Edvard Munch frá 1886–1887 (Nasjonal-museet, Oslo, Wikimedia Commons). Systir listamannsins, Johanne Sophie, dó fimmtán ára gömul úr berklum og hann gerði mörg tilbrigði við þetta myndefni næstu fjórutíu árin.

2. *Birtingarmyndir berkla í skáldskap*

Íslenskur skáldskapur sem tengist berklum hefur ekki verið rannsakaður sérstaklega en hann hefur komið við sögu í umfjöllun um einstök skáld. Sem dæmi má nefna að í doktorsritgerð sinni kannaði Ivar Orgland ljóðagerð Stefáns frá Hvítadal og dvöl hans á berklahælum í Noregi.¹⁴ Erlendis hafa almennari rannsóknir verið gerðar á skáldskap sem tengist berklum. Susan Sontag var brautryðjandi á því sviði með bókinni *Illness as Metaphor* (1978) en þar sýnir hún að ákveðið myndmál er oft látið skilgreina berkla og krabbamein (orðið *krabba-mein* er í raun myndhverfing).¹⁵ Susan Sontag er gagnrýnin á slíkt myndmál enda telur hún að það geti ýtt undir ranghugmyndir og komið í veg fyrir að horfst sé í augu við sjúkdóminn eins og hann er. Aðrar rannsóknir benda til þess að það sé einstaklingsbundið hvort myndmál hjálpi eða hamli sjúklingum að takast á við sjúkdóma. Það sé ekki síst undir því komið hvort sjúklingur nái að gera myndmálið að sínu. Guðrún Lára Pétursdóttir hefur í því sambandi fjallað um *Ótuktina* (2004) eftir Önnu Pálinu Árnadóttur sem greinir í bókinni frá baráttu sinni við krabbamein og hvernig hún lærði að lifa með því með hjálp myndhverfinga (Krabba frænka og fleiri persónugervingar).¹⁶

Katherine Byrne fylgdi í fótspor Susan Sontag með bókinni *Tuberculosis and the Victorian Literary Imagination* (2011).¹⁷ Þar fjallar hún um öfgafullar ímyndir hinna berklaveiku í bókmenntum og þá fagurfræði sem áður er getið og varð til í tengslum við sjúkdóminn. Berklar voru sveipaðir sjúklegum ljóma og jafnvel þótti eftirsóknarvert að vera berklalegur í útliti eða „föfur og áhugaverður“ (e. *pale and interesting*).¹⁸ „Berklaveika týpan“ varð til í skáldskap á 19. öld, þar sem lýst var

¹⁴ Ivar Orgland, *Stefán frá Hvítadal og Noregur. Rannsókn á norskum áhrifum á íslenskt ljóðskáld á 20. öld*, Steindór Steindórsson frá Hlöðum þýddi, Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1990, bls. 26–42.

¹⁵ Susan Sontag, *Illness as Metaphor*, New York: Farrar, Straus and Giroux, 1978.

¹⁶ Guðrún Lára Pétursdóttir, „Myndir meina. Um læknávisindi, sjúkdóma og myndhverf“, *Ritið* 2/2006, bls. 33–53, sjá einkum bls. 45–53; sjá einnig Raymond W. Gibbs, Jr., „How metaphors shape the particularities of illness and healing experiences“, *Transcultural Psychiatry* 60: 5/2020, bls. 770–780.

¹⁷ Katherine Byrne, *Tuberculosis and the Victorian Literary Imagination*, Cambridge: Cambridge University Press, 2011. Af öðrum rannsóknum á þessu efni má nefna Clark Lawlor, *Consumption in Literature. The Making of the Romantic Disease*, Basingstoke, Hampshire og New York: Palgrave Macmillan, 2007; Jens Lohfert Jørgensen, *Sygdomstegn. J.P. Jacobsen, Niels Lyhne og tuberkulose*, Odense: Syddansk Universitetsforlag, 2014; Katharina Edtstadler, *Narrating Illness – Krankheit erzählen. Tuberkulose in Literatur und Medizin*, Vin: Ferstl & Perz Verlag, 2016.

¹⁸ Susan Sontag, *Illness as Metaphor*, bls. 16–42; Clark Lawlor, *Consumption in Literature*, bls. 111–185; Katherine Byrne, *Tuberculosis and the Victorian Literary Imagination*, bls. 93–104 (um eftirsóknina eftir hinu „föla og áhugaverða“, sjá sama rit, bls. 94).

viðkvæmnislegum persónum sem voru eiginlega of góðar fyrir heiminn: saklausa barninu; fallegu, líflegu ungu konunni; ástsjúka skáldinu; fátæka listamanninum sem var gæddur einstökum hæfileikum.¹⁹ Það varð útbreidd skoðun að ákveðin skapgerð smitaðist frekar en önnur og berklar legðust helst á hina hæfileikaríku. Þetta tengdist aldagömlum hugmyndum um þunglyndi eða depurð sem sjúkdóm hinna listrænu og tilfinninganæmu.²⁰ Vitundin um að eiga skammt eftir ólífað var talin efla þrá, ástríður og lífsþorsta. Að því leyti þótti ákjósanlegra að veikjast og deyja ungur heldur en að njóta heilsu og langra lífdaga; að lifa hratt og til fulls frekar en að lífið drægist á langinn. Sjúkdómurinn setti einstaklinga í stöðu þolenda og einangrun berklasjúkra þýddi að þeir voru teknir úr umferð og ekki lengur virkir á vettvangi lífsins. Þessir einstaklingar voru undanþegnir skyldum og þátttöku í önnum hversdagsins meðan þeir voru veikir. Á tímum rómantíkurinnar var farið að líta á þetta sem tækifæri til að sinna sjálfum sér og andlegum efnum eða að draga sig í hlé frá hvers kyns veraldarvafstri. Í *Töfrafjalli* Thomasar Mann jafngildir það því að tilheyra hópi útvalinna og sjúkdómsgreiningin felur þannig í sér ákveðna upphæð eins og Susan Sontag bendir á. Þau sem dvelja á heilsuhælinu á fjallinu séu í raun hafin yfir lífið á láglandinu.²¹

Katherine Byrne fer nánar í ýmis orðræðu- og myndmálseinkenni sem Susan Sontag hafði áður fjallað um í *Illness as Metaphor*. Meðal þess sem þær telja að einkenni skáldskap sem tengist berklum er blómamál (til dæmis varir sem rósir), litur og litleysi (roði, fölví), hiti og kuldi, hernaðarmál (bardagi, berklar sem óvinur) og persónugervingar berkla og dauðans (vofa, svipur, beinagrind). Auk þess birtist í skáldskapnum sterkar andstæður eins og lífsþorsti og dauðaþrá, fegurð og ljótleiki (til dæmis neikvæðar líkamsmyndir), ást og hatur eða beiskja, ástríður og deyfð, sköpunarkraftur og lamandi depurð, virkni og þolandaháttur, líkami og andi. Myndmálið tengist útbreiddri hugmynd á 19. öld um að í berklum sé líkami sjúklingsins étinn upp að innan af eldlegum ástríðum. Ytri merki þessa innri bruna séu rjóðar varir eða kinnar, öskugrátt útlit, tindrandi augu og sótt-hitalegur ákafi. Jafnvel er þá lítið á berkla sem göfgandi sjúkdóm sem breyti einstaklingnum úr efni í hreinan anda.

Susan Sontag og Katherine Byrne vitna báðar í enska skáldið John Keats (1795–1821) sem dó ungur úr berklum og varð táknmynd þeirra í augum margra á 19. öld. Í kvæðum hans birtist sjúkdómurinn oft á myndhverfan og táknrænan hátt. Keats, sem lagt hafði stund á lyfja- og læknisfræði, hjúkraði berklaveikum bróður sínum Tom en hann lést úr sjúkdómnum árið 1818. Tveimur árum síðar

¹⁹ Katherine Byrne, *Tuberculosis and the Victorian Literary Imagination*, bls. 24.

²⁰ Susan Sontag, *Illness as Metaphor*, bls. 32.

²¹ Sama rit, bls. 33–37.

var orðið ljóst að John Keats hafði sjálfur smitast af berklum og þeir drógu hann til dauða 1821, aðeins 25 ára gamlan. Keats orti *Ode to a Nightingale* (Óð til næturgala) 1819. Í 3. erindi kvæðisins er rætt um þreytuna, sóttthitann og áhyggjurnar sem fylgja sjúkdómnum („The weariness, the fever, and the fret“) og að æskan verði föl og horuð eins og vofa og deyi („youth grows pale, and spectre-thin, and dies“).²² Söngur næturgalans, sem er laus við áhyggjur og sjúkdóma, veitir ljóðmælandanum huggun. Í 6. erindinu lætur hann sig dreyma um friðsælan dauðdaga í skjóli nætur meðan fuglinn syngur:

Darkling I listen; and, for many a time
 I have been half in love with easeful Death,
 Call'd him soft names in many a mused rhyme,
 To take into the air my quiet breath;
 Now more than ever seems it rich to die,
 To cease upon the midnight with no pain,
 While thou art pouring forth thy soul abroad
 In such an ecstasy!²³

Þetta er dæmi um þá dauðaþrá sem getur myndað andstæðu við lífsþorstann í berklabókmenntum en hún birtist oft sem ósk um fagran eða góðan dauðdaga eins og síðar verður fjallað um í tengslum við ljóð Jóhanns Gunnars Sigurðssonar og Stefáns frá Hvítadal.

Árið 1819 byrjaði Keats á nýju kvæði sem hann endurskoðaði og birti árið 1820. Hann kallaði það *La Belle Dame sans Merci: A Ballad* (Hin fagra frú án miskunnar: Ballaða). Kvæðið er í raun listræn ballaða, ort í stíl hefðbundinna sagnadansa.²⁴ Ljóðmælandi hittir ráðvilltan riddara um haust og spyr hvers vegna hann sé svona fökur og fár. Andliti riddarans er lýst í 3. erindi kvæðisins með því myndmáli blóma, sjúkleika og fölva sem algengt er í kvæðum sem tengjast berklum:

²² John Keats, *Complete Poems*, ritstjóri Jack Stillinger, Cambridge, Massachusetts og London: Belknap Press, 1982 (frumútg. 1978), bls. 280.

²³ Sama rit, bls. 281.

²⁴ Sveinn Yngvi Egilsson, „Listrænar ballöður. Frá hefðbundnum sagnadönsum til höfundarverka 18. og 19. aldar“, *Good Thoughts on Folklore and Mythology. Festschrift in Honour of Terry Gunnell. Volume 1. Folklore*, ritstjórar Ingunn Ásdísardóttir, Felix Lummer, Rósa Þorsteinsdóttir, Katrín Lís van der Linde Mikaelisdóttir og Júlíana Þóra Magnúsdóttir, Budapest: Trivent Publishing, 2025, bls. 409–424, einkum bls. 410–412.

“I see a lily on thy brow
With anguish moist and fever dew,
And on thy cheeks a fading rose
Fast withereth too.”²⁵

Enni riddarans er sagt vera fölt eins og lilja og sveitt af hitasótt; rósrauður roðinn í kinnum hans sé líka óðum að hverfa. Riddarinn svarar því til að hann hafi látið heillast af álfkonu og þau átt ástarfund í helli hennar en síðan hafi hún svæft hann. Í draumi sem hann dreymdi hafi birst dauðafölir („death pale“) prinsar, konungar og hermenn sem sögðu honum að hin fagra en miskunnarlaus kona hefði lagt álög á hann. Riddarinn vaknaði hjá kaldri hlíð (fyrir utan helli álfkonunnar) og ráfar síðan um eins og vofa. Í kvæðislok er ítrekað að umhverfis sé allt að fölna, störin í vatninu sé visnuð og fuglarnir hættir að syngja enda komið haust. Kvæðið er hægt að lesa sem draugalegan hugarburð eða fantasíu en ekki verður litið framhjá því að það fjallar um örlagaþrungna ást og sjúklegt ástand. Keats var ástfanginn af ungri konu sem hét Fanny Brawne (1800–1865) og ástin var endurgoldin en berklarnir bundu enda á sambandið. Kvæðið hefur stundum verið skilið sem táknræn tjáning á þeim endalokum en álfkonuna má líka skilja sem persónugervingu berklanna sjálfra sem leggja álög á sjúklinga og geta gert þá líkasta vofum. Það hernaðarmál sem Susan Sontag og Katherine Byrne ræða um í tengslum við berkla birtist líka óbeint í kvæðinu því það fjallar um riddara eða hermann sem hefur lotið í lægra haldi fyrir álfkonu og ástinni.

Brittany Pladek ræðir í fræðiritinu *The Poetics of Palliation* (2019) um hlutverk skáldskapar sem „líknandi meðferðar“, sérstaklega á tímum eins og 19. öldinni þegar læknavísindin höfðu fáið svör við sjúkdómum á borð við berkla. Margir hafi fundið huggun og hughreystingu í ljóðum sem á einhvern hátt töluðu inn í ástand og aðstæður þeirra sem voru veikir. Skáldskapurinn hafi því lagt líkn við þraut og hjálpað fólki að takast á við þær tilfinningar, hugsanir og líðan sem sjúkdómar og nálægð við dauðann hafa í för með sér.²⁶ Rómantísk skáld eins og John Keats hafi gefið slíkum hugsunum og tilfinningum rödd enda þekkti hann berkla af eigin raun. Keats hafi lofsungið fegurðina en einnig ort á nærfærinna hátt um þjáningu, ótta og efasemdir.²⁷ Huggun skáldskaparins gat líka tengst trú á guð og handanlíf eins og taka má nokkur dæmi um. Í

²⁵ John Keats, *Complete Poems*, bls. 270.

²⁶ Brittany Pladek, *The Poetics of Palliation. Romantic Literary Therapy, 1790–1850*, Liverpool: Liverpool University Press, 2019, bls. 1–28.


²⁷ Sama rit, bls. 162–192.

skáldsögunni *Jane Eyre* (1847) eftir Charlotte Brontë (1816–1855) veikist skóla-systir söguhetjunnar af berklum. Unga stúlkan, Helen Burns að nafni, deyr kristilegum dauðdaga og er sannfærð um að hún sé á leið til himnaríkis. Æðruleysi hennar og trú hafa mikil áhrif á *Jane Eyre* og lesendur sögunnar hafa séð í henni berklaveikan kristgerving.²⁸ Í kvæði Stefáns frá Hvítadal, *Frá liðnum dögum*, liggur berklaveikur ljóðmælandi að haustlagi í sjúkrarúmi við opinn glugga. Hjá honum situr ung hjúkrunarkona („systirin yngsta“) og syngur norsk ljóð „um ljósið ofan að“: „Og söngurinn andaði / friði og fró. / Ég hóstaði blóði, en brosti þó.“²⁹ Sungin trúarljóð veita ljóðmælandanum augnablikssælu í alvarlegum veikindum. Þegar spíritisminn fór að breiðast út á 19. og 20. öld leituðu æ fleiri huggunar í andatrú og hún kemur við sögu berklabókmennta, bæði erlendis og hérlandis. Dulræn stef koma til dæmis fyrir í skáldverkinu *Hvítu höllinni* (1944) eftir Elínborgu Lárusdóttur sem veiktist af berklum og dvaldi á hælina á Víflsstöðum.³⁰ Trúarlegar hugmyndir og huggunarhlutverk skáldskaparins verða þó ekki í forgrunni í þessari grein enda verður aðaláherslan lögð á að leita svara við þeirri spurningu hvort birtingarmyndir berkla í íslenski ljóðagerð séu sambærilegar við þau skáldskapareinkenni sem bent hefur verið á í erlendum bókmenntum.

²⁸ Katherine Byrne, *Tuberculosis and the Victorian Literary Imagination*, bls. 16 og 20.

²⁹ Stefán frá Hvítadal, *Ljóðmæli*, Reykjavík: Helgafell, 1970, bls. 122–123 (kvæðið birtist árið 1921 í ljóðabók Stefáns, *Óður einyrkjans*). Í kvæðinu er nefnt að hjúkrunarkonan hafi sungið ljóð eftir norska sálmaskáldið Elias Blix (1836–1902) og einnig Vinina eftir landa hans, Henrik Wergeland (1808–1845). Kvæðið virðist byggt á minningum um dvöl Stefáns á berklahæli í Noregi en um leið sækir hann innblástur í Henrik Ibsen (1828–1906) (sjá Ivar Orgland, *Stefán frá Hvítadal og Noregur*, bls. 55–56). Stefán var trúhneigður og skírðist til kaþólsku 1924 (helgikvæði hans, *Heilög kirkja. Sextug drápa*, kom út sama ár).

³⁰ Kristín Svava Tómasdóttir, *Farsótt. Hundrað ár í Þingholtsstræti* 25, bls. 132–140.



Mynd 2. Jóhann Gunnar Sigurðsson (Þjóðminjasafn Íslands, Mms. 48481a).

3. Myndhverfingar og ummyndanir í þjóðkvæðastíl

Jóhann Gunnar Sigurðsson fæddist í Miklaholtsseli á Snæfellsnesi 1882 og dó úr tæringu á Landakotsspítala í Reykjavík 1906, aðeins 24 ára gamall. Hann var þá nýlega orðinn stúdent frá latínuskólanum og stundaði nám í prestaskólanum.³¹

³¹ Þorsteinn Thorarensen fjallar um ævi og verk Jóhanns Gunnars í bókinni *Eldur í æðum. Myndir úr lífi og viðhorfum þeirra, sem voru uppi um aldamót*, Reykjavík: Bókaútgáfan Fjölvi,

Eftir hann liggja ýmis kvæði sem sýna ungan aldur skáldsins en þegar hann lá banaleguna og fann dauðann nálgast tók hann á skömmum tíma út þvílíkan skáldþroska að undrum sætir. Í síðustu kvæðunum tekst hann þannig á við örlög sín að úr verður mikill og sérstakur skáldskapur.

Í fyrri ljóðum Jóhanns Gunnars gætir oft hjartsýni og blíðu; hann yrkir gjarnan ástarljóð og lætur sig dreyma um framtíðina. Hann var ástfanginn af æskuvinkonu sinni Þóru Halldórsdóttur (1878–1950) en sjúkdómurinn gerði vonir hans um hana að engu.³² Þegar hann finnur að hverju stefnir verður tónninn í kvæðum hans dýpri og dekkri. Hann sveiflast á milli angurværðar og ofsa og slær þá oftar en ekki á þjóðkvæðastrengi. Tónninn í ljóðum Jóhanns Gunnars minnir á þá hreinu og angurværu lýrik sem er að finna í viðlögum gömlu sagnadansanna: „Ef ég gæti flogið / yfir höfin blá, / ég þyrfti ekki að standa / við ströndina þá.“³³ Stundum nýtir skáldið sér ískyggilegar endurtekingar þjóðkvæðanna, hið svokallaða draugalag, þar sem lokálina erindis er endurtekin með tilbrigðum (Kvæðið í gljúfrum):

Fá vil ég nítján til fylgdar,
förum tuttugu saman.
Nú eru orðnir úti
átján í þessu gili,
átján í djúpu gili.³⁴

Yrkingar Jóhanns Gunnars í banalegunni eru stundum beiskar og jafnvel heiftarlegar eins og í draugalaginu hér á undan, þar sem afturgenginn ljóðmælandi dregur hvern manninn á fætur öðrum með sér í dauðann. Áður kallaði hann ástarviðfangið Huldu (sbr. kvæðin Til Huldu og Ljóðakvæða til Huldu) en notar nú valkyrjunafnið Hervör.³⁵ Hann yrkir um hana í kvæðinu Óráð:

1967, bls. 14–25. Matthías Viðar Sæmundsson fjallar um skáldverk Jóhanns Gunnars í bókinni *Ást og útleið. Form og hugmyndafræði í íslenskri sagnagerð 1850–1920*, Studia Islandica 44, Reykjavík: Bókautgáfa Menningarsjóðs, 1986, bls. 251–263.

³² Þorsteinn Thorarensen, *Eldur í æðum*, bls. 23–25.

³³ Jóhann Gunnar Sigurðsson, *Kvæði og sögur*, ritstjóri Helgi Sæmundsson, 2. útg. (frumútg. 1909), Reykjavík: Bókautgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, 1943, bls. 139.

³⁴ Sama rit, bls. 132.

³⁵ Skáldkonan Hulda (Unnur Benediktsdóttir, 1881–1946) er líka nefnd á nafn í ljóðum Jóhanns Gunnars enda voru þau vinir. Hann orti til hennar kvæðið Í minjabók Huldu sem hefst á orðunum „Heyrði ég í hamrinum / Hulda gígju sló“ (sama rit, bls. 136).

Vindurinn þýtur og veggina ber.

Komdu til hennar Hervarar kveðju frá mér.

Segðu henni Hervöru, að hún sé stúlkan mín,
og biddu hana að geyma vel barnagullin sín.

Segðu henni Hervöru, að ást mín lifi enn,
en hjartað sé að þreytast og hætti víst senn.

Segðu henni Hervöru, að hún hafi það átt
og heyri í stunum þínum þess síðasta slátt.

Og segðu henni Hervöru að signa mína gröf,
það verði mér látnum sú þægasta gjöf.

Ef Hervör mín var draumsjón og hún er ekki til,
kastaðu þá kveðju minni í kolsvartan hyl.

Vindurinn þýtur og veggina ber. –

Bráðum fær hún Hervör mín boðin frá mér.

Vindurinn þýtur og veggina ber. –

Finnið þið ekki kuldann á fótunum á mér?³⁶

Ljóðmælandi ávarpar einhvern sem á að koma ástarkveðju til Hervarar. Heitið á kvæðinu gefur til kynna að sá sem mælir sé í óráði en þó með nógu mikilli rænu til að átta sig á nálægð dauðans því hann telur að hjarta sitt hætti brátt að slá. Hann virðist ekki viss um að ástarviðfangið sé raunverulegt eða ímyndað („draumsjón“). Niðurlagsorðin lýsa fótakulda þess sem veit að hann á skammt eftir ólífað. Í öðru kvæði sem Jóhann Gunnar kallar Í álögum er ljóðmælandi ekki aðeins kaldur heldur kalinn á fótum:

Köld eru norna reiðiráð.

Rammt hefur stjúpa galið.

Flögra ég um eins og hræfús hrafn.

Hefur mig kalið,

hefur á fótum kalið.³⁷

³⁶ Sama rit, bls. 133.

³⁷ Sama rit, bls. 138.

Álfkonan lagði álög á riddarann í *La Belle Dame sans Merci* og hér hefur norn eða stjúpa lagt álög á ljóðmælanda svo að hann er í líki hrafns. Augu hans eru þó óbreytt og hann getur losnað úr álögunum „ef einhver þekkir, / ef einhver svipinn þekkir“.³⁸ Þetta er eitt af mörgum kvæðum þar sem Jóhann Gunnar sækir í heim þjóðtrúarinnar og lætur hann endurspegla áhyggjur og óhugnað sem tengja má sjúkdómnum. Aftur notar hann draugalagið með sinni örlagaþrungnu endurtekningu.

Berklaveik skáld yrkja oft um hita og kulda eins og Susan Sontag og Katherine Byrne benda á. Jóhann Gunnar yrkir ekki aðeins um fótakulda og fótakal heldur líka um alltumlykjandi vetrarkulda. Í kvæðinu Hríð nær sá kuldi inn í hjartað:

Eg get ekki lifað við eintóman ís
innst inni í hjörtum og lengst úti á tögum.
Kulsára hjartað mitt kólnar og frýs,
í kuldanum sit eg í öngum
og leik mér við fallegar frostrósir löngum.³⁹

Vetrarkuldi og veikindi renna saman í ljóði hans Andvörp:

Sól kemur sunnan,
sumar í dali,
blóm á lækjarbakka.
En mig hefur vetur
merkt á brjósti
grimmum geirsoddi.

Flýtt þér, sunna,
úr suðurvegum,
ljós og yl mér ljáðu,
þrýstu kossi
þínum hlýjum
mér á blóðugt brjóst.⁴⁰

³⁸ Sama stað.

³⁹ Sigurður Nordal, „Einkennilegt útgáfustarf“ [ritdómur þar sem erindi úr kvæðinu Hríð eru prentuð sem viðbót við útgáfu Helga Sæmundssonar á *Kvæðum og sögum* Jóhanns Gunnars Sigurðssonar frá 1943], *Helgafell*, sept.–des. 1943, bls. 450–452, hér bls. 450.

⁴⁰ Jóhann Gunnar Sigurðsson, *Kvæði og sögur*, bls. 17–18.

Þannig verður líkaminn leikvöllur árstíða í yfirfærðri merkingu, þar sem ljóðmælandi óskar þess að vorið signi þau mein sem veturinn hefur markað á brjóst hans: „Láttu mig líta / ljósið fagra. / Signdu vorsins son. / Þá dey ég glaður“.⁴¹ Sárið á brjóstinu má skilja sem tákn um lungnaberkla og heitið á kvæðinu gefur líka til kynna þungan andardrátt. Hér myndar vopn vetrarins, spjótið með oddi sínum, sterka andstæðu við þann hlýja koss sem ljóðmælandi væntir af vorinu. Annars vegar er hernaðarmál og kuldamyndir og hins vegar signingin og hlýjan sem birtist í kossinum. Ljóðmælandi biður um það eitt að fá að lifa til vors.

Jóhann Gunnar beitir afhjúpanði myndhverfingum til að sýna ástand þess sem er alvarlega veikur. Hann hlutgerir það sem lélega bátkaenu í kvæðinu Undir seglum sem hefur undirfyrirsögnina Kveðið í veikindum:

Þetta er ljóta bölvuð byttan,
bæklað stýri, kjölur fúinn.
Allt er rífið eða brotið,
allur reiði sundur snúinn.⁴²

Það væri sök sér ef viðraði vel en ljóðmælandi segir að „byljirnir úr Skuggaskörðum / skemmri munu veginn gera“; dauðinn byltir sér í djúpinu og „dylur sig í boðahrönnum“.⁴³ Sálrænt og líkamlegt ástand hins sjúka tekur þarna á sig martraðarkennda mynd af löskuðu fleyi sem er við það að sökkva í djúpið. Neikvæðar líkamsmyndir eru algengar í erlendum berklabókmenntum en þessi sérstaka myndhverfing minnir þó meira á íslenskan skáldskap eins og Sálarskipið eftir Bólu-Hjálmar (1796–1875), þar sem siglingamyndinni er líka haldið út í gegnum kvæðið.

Í ljóði sínu Ævisaga yrkir Jóhann Gunnar um ungan mann sem fer út í heim: „Hann langaði að lifa og njóta / og brautir í heiminum brjóta.“⁴⁴ En hann verður berklaveikur og sjúkdómurinn er persónugerður:

En þá kom tæringin til hans heim. –
Hann titraði af ótta.
Hann lagði á flóttu
og langaði langt út í geim.

⁴¹ Sama rit, bls. 18.

⁴² Sama rit, bls. 125.

⁴³ Sama rit, bls. 126.

⁴⁴ Sama rit, bls. 28.

Hún elti hann í helgrárrí, horaðri mynd,
 holeyg og visin sem beinagrind.
 Hún kreisti hann með helkaldri hendi.
 Hann nágeigs af klipinu kenndi. — ⁴⁵

Slíkar persónugervingar sjúkdómsins eða dauðans eru algengar í skáldskap sem tengist berklum. Þá getur nálægð dauðans aukið lífsþorstann og þar verið um öfgafullar andstæður að ræða. Um það orti C. M. Bellman (1740–1795) í hinum þekkta 30. pistli Fredmans („Drick ur ditt glas, se Döden på dig väntar“, 1790) sem hljóðar svo í þýðingu Hannesar Hafsteins (Tæringin):

Flýt þjer, drekk út! Sjá dauðinn búinn bíður,
 brandinn sinn hvessir, dokar þröskuld við.
 Hræðstu samt ei. Hann aftur burtu líður,
 ef til vill gefur nokkur stundar-grið.
 Tæringin fer loks með fjörið þitt veika.
 Flýt þjer að leika!
 Still þína strengi, kveð um vorsins klið. ⁴⁶

Ungi maðurinn í íslenska ljóðinu er hins vegar lamaður af skelfingu enda hefur tæringin gripið hann hjartökum.

Í val heitir eitt síðasta kvæði Jóhanns Gunnars og þar er ekki ort á jafn beinskýttan hátt um berklana og í Ævisögu en feigðin látin taka á sig táknrænar myndir. Kvæðið fjallar um ungan riddara sem dauðinn fer að. Kvæðið er fimm erindi og hljóðar svo:

⁴⁵ Sama stað.

⁴⁶ Síðan tekur við lýsing á hinum berklaveika sem Hannes þýðir svo: „Yfirbragð gult, með eldbla magrar kinnar, / innfallið brjostið, sigin herðablöð. / Rauðbláar allar æðar handar þinnar, / útþrútnar, rakar, svo sem heit við böð. / Lófinn er sveittur og sinarnar bila. / Syng nú og spila. / Flöskuna tæmdu, ljóðin glymji glöð“ (Hannes Hafstein, *Ljóða-bók*, Reykjavík: Þorsteinn Gíslason, 1925, bls. 250).

Riddarinn hallast við brottinn brand,
bærist hans kalda vör:
„Nú er dauðinn að nálgast mig.
Nú er mér horfið fjör.“

Riddarinn hallast við brottinn brand,
blæðir hans djúpa und:
„Lífið var áður svo ljómandi hjart.
Nú lokast hið hínzta sund.“

Riddarinn hallast við brottinn brand,
bleik er hans unga kinn.
„Ekki er ég vitund hræddur við hel,
en hefndu mín, vinur minn.“

Riddarinn hallast við brottinn brand,
bíður hans mannlaust fley:
„Ég ætlaði að vinna mér fé og frægð
og festa mér unga mey.“

Riddarinn hallast við brottinn brand,
brosir svo hægt og rótt.
„Kóngsdóttir fyrir handan haf,
hjartað mitt, góða nótt.“⁴⁷

Kvæðið minnir um margt á *La Belle Dame sans Merci* eftir Keats. Skáldin eiga það sameiginlegt að sækja í hefðarheim sagnadansa og yrkja listrænar ballöður um feiga og föla riddara. Bragarhættirnir minna á sagnadansa og stíllinn líka sem er endurtekningarsamur. Til dæmis byrja fyrstu tvö erindin hjá Keats á orðalaginu „O what can ail thee, knight at arms“ og öll erindin hjá Jóhanni Gunnari hefjast á línunni „Riddarinn hallast við brottinn brand“. Þessi endurteknu stef verða áleitni í kvæðunum og þau má taka sem tilvísanir til þess sem raunverulega amar að. Enska sögnin *ail* getur merkt að vera veikur og „brottinn brand“ er líka hægt að túlka sem tákn um heilsubrest eða brotna karlmennsku berklaveiks skálds sem ætlaði að standa sig í lífinu. Í íslenska kvæðinu hefur riddarinn hlotið banasár í bardaga og er með brotið sverð; í enska kvæðinu ber hann hins vegar hjartasár sem er að draga hann til dauða. Ástin kemur líka við sögu hjá Jóhanni Gunnari og birtist í lokakveðju riddarans til kóngsdótturinnar. Hið blómalega

⁴⁷ Jóhann Gunnar Sigurðsson, *Kvæði og sögur*, bls. 129–130.

myndmál roða og fólva sem algenzt er í yrkingum um berkla kemur fyrir í báðum kvæðunum: „bleik er hans unga kinn“ hjá Jóhanni Gunnari samsvarar „And on thy cheeks a fading rose / Fast withereth too“ hjá Keats. Kvæðin fjalla um hermenn og þannig markast þau af því hernaðarmáli sem þekkt er í sambandi við sjúkdóma eins og berkla. Riddari Keats er sjúklegri en riddari Jóhanns Gunnars en samt má líta á þá báða sem táknræna tjáningu á þeim vonbrigðum í ástarmálum og dauðadómi sem vofði yfir þeim vegna berklanna. Keats og Jóhann Gunnar vissu vel að hverju stefndi og báðir höfðu þurft að sjá á eftir ástinni sinni af völdum sjúkdómsins.

Þau kvæði Jóhanns Gunnars sem hér hefur verið fjallað um eru á margan hátt sambærileg við erlendan skáldskap sem tengist berklum. Skáldið beitir hliðstæðu myndmáli og raunar má sjá ákveðnar samsvaranir milli kvæða hans og erlendra skálda. Listrænu ballöðurnar *Í val* og *La Belle Dame sans Merci* eftir Keats kallast þannig á. Ljóðmælandinn í öðru kvæði Jóhanns Gunnars, *Í álögum*, á það líka sammerkt með riddara Keats að vera á valdi kvenkyns vættar sem hefur umbreytt honum og gert hann framandi í eigin lífi. Jóhann Gunnar sækir sýnu meira en Keats í heim þjóðtrúarinnar í kvæðum sínum sem oft piggja stef og stemmningu frá þjóðkvæðum. Þannig beitir hann endurtekingum sem vekja illan grun eða óhugnað eins og í draugalagi, þar sem lokalína erindis er endurtekin með tilbrigðum. Eins og Keats yrkir Jóhann Gunnar myndrík og táknræn ljóð um örlög sín og sjúkdóminn sem hann er haldinn. Hann persónugerir tæringuna í kvæðinu *Ævisaga*, þar sem hún eltir unga manninn „í helgrárri, horaðri mynd, / holeyg og visin sem beinagrind“. Hann yrkir um sjúkdómseinkenni eins og óráð, fótakulda og líkama sem er eins og fúid fley. Í kvæðinu *Andvörp* birtast lungnaberkarnir í mynd sárs sem veturinn hefur „merkt á brjósti / grimmum geirsoddi“. Ungi maðurinn í *Ævisögu* og riddarinn í kvæðinu *Í val* ætluðu sér báðir frægð og frama en í hlut þeirra kom fólvi og feigð. Kvæði Jóhanns Gunnars eru full af þrá eftir ást og vilja til að láta til sín taka á vettvangi lífsins en sjúkdómurinn gerir þær vonir að engu. Baráttu hans við berklana er jafnvel lýst með hernaðarmáli eins og spjóti vetrarins í *Andvörpum* og brotnu sverði riddarans í kvæðinu *Í val*.

Hernaðarmál af því tagi varð útbreitt hér á landi eftir að berklar voru skilgreindir sem þjóðarmein með þýðingu Guðmundar Björnssonar læknis á áður-nefndri bók eftir S. A. Knopf (1903, 2. útgáfa 1904). Það birtist til dæmis í kvæði sem Þorsteinn Erlingsson (1858–1914) orti þegar hornsteinn var lagður að byggingu berklahælisins á Vífilstöðum 1909. Sjúkdómurinn er þar persónugerður sem óvinur þjóðarinnar. Hann er sagður hafa tekið árlegan skatt („blóðtíund“) af mannslífum og nærast helst á fáfræði, myrkri og loftleysi í lélegum húsakynnum. Hælið á að verða vopn í hernaðinum gegn berklum:

Hér hopar þó ein okkar hörmung um fet,
og hér ætti' að koma' á hann sári
þann óvin, sem blóðtúnd lúka sér lét
af lífsstofni vorum á ári;
hans fall væri sigur, sem munaði' oss mest;
hann markar hér ótæpt, og heimtir það flest.⁴⁸

Hernaðarmálið er því ekki aðeins notað í baráttu einstaklinga við sjúkdóma heldur líka í almenntri orðræðu um heilsuvá og heimsfaraldra eins og berkla og nú síðast COVID-19.⁴⁹

4. Hugmyndaklasinn sem tengist sjúkdómum eins og berkllum

Sú fagurfræðilega mynd sem berklar tóku á sig í bókmenntum og listum tengdist ákveðnum hugmyndaklasa eins og áður segir. Klasinn var breytilegur en algengt var að hann fæli í sér æsku, fegurð, gáfur, hnignun, þolandahátt, nálægð dauðans, ást, árstíðir (oftast haust en líka vetur) og þunglyndi. Segja má að John Keats hafi kortlagt þessar hugmyndir á skáldlegan hátt í sex óðum sem hann orti árið 1819. Í áðurnefndum *Ode to a Nightingale* yrkir hann um sjúkdóm og fegurð, í *Ode on a Grecian Urn* um fegurð og sannleika, í *Ode on Indolence* um aðgerðaleysi, í *Ode on Melancholy* um þunglyndi, í *Ode to Psyche* um ástina og í *To Autumn* um haustið.⁵⁰ Berklar gátu tengst þessum klasa en líka aðrir sjúkdómar eða ógæfa. Hér verða tekin þrjú dæmi um birtingarmyndir klasans í íslenskum ljóðum frá 19. og 20. öld sem lesa má í ljósi sjúkdóma eins og berkla.

Samtímamaður Keats, Bjarni Thorarensen (1786–1841) skáld og amtmáður, orti ýmis kvæði sem tjá hliðstæðar hugmyndir og eitt þeirra hljóðar svona:

Kysstu mig, hin mjúka mær!
því þú ert sjúk.
Kysstu mig, hin mjúka mær!
því þú deyr.

⁴⁸ „Heilsuhælisljóð. Sungin, er lagður var hornsteinn að heilsuhælinu á Vífilstöðum 31. maí 1909“, *Fjallkonan* 26: 1909, bls. 81. Ljóðin í *Fjallkonunni* eru tvö, hið fyrra eftir Guðmund Guðmundsson skólaskáld (1874–1919) og hið síðara eftir Þorstein Erlingsson.

⁴⁹ Margherita Benzi og Marco Novarese, „Metaphors we Lie by. Our ‘War’ against COVID-19“, *History and Philosophy of the Life Sciences* 44: 2/2022, bls. 1–22.

⁵⁰ Um þessi verk Keats, sjá Helen Vendler, *The Odes of John Keats*, Cambridge, Massachusetts: Belknap Press, 2004 (frumútg. 1983).

Glaður drekk ég dauða
 :: úr rós ::
 á vörum þín,
 því skálin er svo skær.⁵¹

Hér yrkir skáldið saman ást og fegurð þar sem þráðar varir myndhverfast í rós og skæra skál.⁵² Ástin og fegurðin tengjast æsku (*mær* er ung kona) en auk þess sjúkdómi og yfirvofandi dauða. Ljóðmælandinn kveðst glaður drekka „dauða úr rós [...] á vörum“ hinnar elskuðu en það er væntanlega svo að skilja að með kossinum geti hann smitast af banvænum sjúkdómi sem hún er haldin. Ekki er gefið að um berkla sé að ræða en rósarvarir sjúklingsins minna óneitanlega á það blómamál sem Susan Sontag og Katherine Byrne telja að einkenni slíkan skáldskap. Ljóðmælandinn vill fórna lífinu fyrir ástina og kvæðið lýsir í raun sambærilegri dauðaprá og þekkt er í berklabókmenntum. Skálarmyndhverfingin felur í sér að dauðinn sé eins og fljótandi veig í vitum ungu konunnar.

Kvæði Bjarna er ort á fyrri hluti 19. aldar og telst til rómantíkur eins og kveðskapur Keats. Á síðari hluta aldarinnar breiðist hugmyndaklasinn út og birtist meðal annars í þeirri aldarlokalist sem er kennd við táknsæi (symbólisma) og hnignun (dekadens).⁵³ Dæmi um það er ljóðið Jónas Hallgrímsson sem Jóhann Sigurjónsson (1880–1919) orti í byrjun 20. aldar:

⁵¹ Bjarni Thorarensen, *Ljóðmæli* I, ritstjóri Jón Helgason, Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag, 1935, bls. 97. Ekki er vitað hvenær Bjarni orti kvæðið en það var fyrst prentað að honum látnum.

⁵² Bjarni notar lýsingarorðið *mjúkur* („hin mjúka mær“) á munúðarfullan hátt eins og líka má sjá á kvæðinu Kossar: „Örvast elsku blossom / æ þá mjúkir kossar / manns og konu mætast fyrst á vörum“ (Bjarni Thorarensen, *Ljóðmæli* I, bls. 94). Um þetta og skyld ástarljóð Bjarna, sjá bók Þóris Óskarssonar, *Svipur brotanna. Líf og list Bjarna Thorarensen*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2024, bls. 279–282.

⁵³ Táknsæi og hnignun eru oft talin meðal einkenna svokallaðrar nýrómantíkur en forðast er að nota það hugtak í greininni vegna þess að það felur svo margt annað í sér og getur valdið ruglingi. Um táknsæi, hnignun og aldarlokalist, sjá Hannes Pétursson, „Inngangur“, *Fjögur ljóðskáld. Sigurður Sigurðsson frá Arnarholti, Jóhann Sigurjónsson, Jóhann Gunnar Sigurðsson, Jónas Guðlaugsson*, ritstjóri Hannes Pétursson, 2. útg. (frumútg. 1957), Reykjavík: Mál og menning, 2000, bls. 7–51; Þorsteinn Þorsteinsson, *Fjögur skáld. Upphaf nútímaljóðlistar á íslensku*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2014, bls. 70–71, 29–34 og 112–115; Sveinn Einarsson, *Úti regnið gretur. Bók um skáldið Jóhann Sigurjónsson*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2019, bls. 91–128; Benedikt Hjartarson, „Inngangur“, Rainer Maria Rilke, *Minnisblöð Maltes Laurids Brigge*, íslensk þýðing eftir Benedikt Hjartarson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2020, bls. 9–79, sjá einkum bls. 34–39.

Dregnar eru litmjúkar
dauðarósir
á hrungjörn lauf
í haustskógi.
Svo voru þínir dagar
sjúkir en fagrir,
þú óskabarn
ógæfunnar.⁵⁴

Það er afhjúpandi að bera ljóðið saman við þekktar staðreyndir í ævi Jónasar Hallgrímssonar (1807–1845). Rúmlega þrítugur að aldri fékk hann lungnabólgu á rannsóknarferðum sínum um Ísland eftir hrakninga á Nýjabæjarfjalli síðsumars 1839. Jónas lá lengi veikur en vorið 1840 var hann aftur orðinn ferðafær. Hann hélt ótrauður áfram að rannsaka og skrifa hérlendis og í Danmörku næstu fimm árin en dó 1845 úr lungnabólgu í kjölfar opins fótbrots.⁵⁵ Það var um vor (26. maí) en í ljóðinu er dauði hans hins vegar tengdur haustinu af því að sú árstíð hentar betur ímyndinni um hnignun og feigð. Skáldið er merkt dauðanum og þeirri viðkvæmni eða hverfuleika sem birtist í hruni laufanna. Hinar litmjúku „dauðarósir“ má skilja sem myndhverfingu þess roða sem oft kemur á lauf áður en þau falla á haustin. Dauðatengdu rósirnar minna á blómamál berklaskáldskapar en þær hafa líka verið túlkaðar út frá öðrum sjúkdómi, sárasótt.⁵⁶ Þannig

⁵⁴ Jóhann Sigurjónsson, *Rit I*, Reykjavík: Mál og menning, 1940, bls. 239–240. Ljóðið birtist að Jóhanni látnum og ekki er vitað hvenær það var ort en hann virðist að mestu hafa hætt að yrkja eftir að ljóð hans birtust í tímaritum 1910–1911 og helgaði sig leikritagerð þaðan í frá.

⁵⁵ Þorgeir Þorgeirsson, „Banamein Jónasar Hallgrímssonar“, *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar IV*, rittstjórar Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson, Reykjavík: Svart á hvítu, 1989, bls. 40–42. Í greinargerðinni fer Þorgeir yfir sjúkra- og krufningarskýrslur Friðriksspítala. Niðurstaða hans er að banameinið hafi verið lungnabólga og hann tekur fram að ekkert í gögnum sjúkrahússins bendi til þess að Jónas hafi verið haldinn öðrum sjúkdómum eins og berklum (sjá sama rit, bls. 41–41).

⁵⁶ Jón Viðar Jónsson varpar fram eftirfarandi spurningu um „litmjúkar / dauðarósir“ í ljóði Jóhanns: „Hvað geta þær verið annað en myndhverfing sáranna sem sárasóttin myndar í fyllingum tímans, ef ekki næst að lækna hana? Allar sögur – kjaftasögur ef við viljum kalla það svo – um Jónas og önnur stórmenni Íslandssögunnar hafa að sjálfsögðu borist Jóhanni til eyrna“ (Jón Viðar Jónsson, *Kaktusblómið og nóttin. Um ævi og skáldskap Jóhanns Sigurjónssonar*, Akureyri: Bókaútgáfan Hólar, 2004, bls. 98). Jón Viðar tekur fram að Jóhann hafi sjálfur smitast af sárasótt og hún hafi því verið honum ofarlega í huga (sjá sama rit, bls. 96). Hvað Jónas varðar bendir ekkert í gögnum Friðriksspítala til þess að hann hafi verið haldinn öðrum sjúkdómum en lungnabólgunni sem dró hann til dauða, sbr. neðanmálsgreinina hér á undan.

er ævi Jónasar *sjúkdómsvædd* í ljóðinu þó að það sé gert í nafni fegurðarinnar: „Svo voru þínir dagar / sjúkir en fagrir“. Hann er gerður að heilsulausum ógæfumanni („þú óskabarn / ógæfunnar“) en var reyndar við þokkalega heilsu lengst af og ekki misheppnaðri en svo að á ritunartíma ljóðsins hafði hann öðlast stöðu þjóðskálds Íslendinga þó að hann dæi ungur.⁵⁷ Þetta sýnir hvernig áður nefndur hugmyndaklasi getur mótað skáldskap og ímyndarsmíð höfundar sem var þó meðvitaður um alvarleika sjúkdóma eins og lungnabólgu og berkla. Jóhann Sigurjónsson tók berklana nógu alvarlega til að gera þá að sérstöku umfjöllunarefni í leikriti sem hann samdi á dönsku árið 1905. Það heitir *Dr. Rung. Drama i Fire Akter* og fjallar um tilraunir Rungs lækis til að finna mót efni gegn sjúkdómnum.⁵⁸

Þriðja og síðasta dæmið sem tekið verður um hugmyndaklasann í íslenskum bókmenntum tengist Jóhanni Jónssyni skáldi. Hann fæddist 1896 á Staðarstað á Snæfellsnesi og ólst upp í Ólafsvík. Ungur fékk hann berkla í vinstra hnéð og fór í aðgerð sem gerði fótinn stífan.⁵⁹ Árið 1921 fór Jóhann alfarinn frá Íslandi og settist að í Leipzig í Þýskalandi. Veturinn 1924–1925 var hann svo orðinn veikur af lungnaberkjum. Hann dvaldi á heilsuhælum í Sviss og Slesíu en náði sér aldrei eftir þetta.⁶⁰ Berklarnir drógu hann til dauða í Leipzig 1932, 35 ára gamlan. Jóhann lét meðal annars eftir sig ljóðið *Söknuð* sem telst eitt fyrsta verk íslensks módernisma. Það birtist í tímaritinu *Vöku* 1928 og hefst á orðunum: „Hvar hafa dagar lífs þíns lit sínum glatað“.⁶¹ *Söknuður* hefur verið túlkaður sem módernísk elegía eða tregaljód sem lýsir eftirsjá og vonbrigðum.⁶² Upphafsorðin minna þó mjög á þann fólva og litleysi sem einkenna skáldskap um berkla. Niðurlagið vekur að sama skapi upp myndir af hausti, dauða og tilfinningalegri

⁵⁷ Jón Karl Helgason, *Ódáinsakur. Helgifesta þjóðardýrtinga*, Reykjavík: Sögufélag, 2013, bls. 63–85.

⁵⁸ Jón Viðar Jónsson, *Kaktusblómið og nóttin*, bls. 117–125; Sveinn Einarsson, *Úti regnið grætur*, bls. 177–191.

⁵⁹ Guðmundur Magnússon sagnfræðingur hefur kannað sjúkraskrár Landakotsspítala sem varða tvær komur Jóhanns þangað. Vorið 1913 var hann greindur með berkla í hnélið og í janúar 1914 gerði Matthías Einarsson læknir svo aðgerð á vinstri fæti hans. Fékk Jóhann þá „staurfót“ og hafa margir haldið að það hafi verið tréfótur en svo er ekki heldur var um að ræða „stífan fót“. Ég þakka Guðmundi fyrir að upplýsa mig um þetta og eftirfarandi heimild: Þjóðskjalasafn Íslands (BÍ.). Matthías Einarsson (1879–1948) læknir. 2016/049. A 0003-02 1912–1914 Sjúkraskrár og fylgigögn.

⁶⁰ Ingi Bogi Bogason, „Til að mála yfir litleysi daganna. Söknuður – um ljóðið, skáldið og expressjónisma“, *Skírnir* 165: vorhefti 1991, bls. 11–45, hér bls. 20–21.

⁶¹ Jóhann Jónsson, *Ljóð og ritgerðir*, Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1986, bls. 33.

⁶² Þorsteinn Þorsteinsson, „Hvar ... ó hvar? Um „Söknuð“ Jóhanns Jónssonar og samhengi í bókmenntum“, *Skírnir*, 176. ár, vorhefti 2002, bls. 133–161, sjá einkum bls. 152–161.

auðn. Þar er gefið til kynna að „komið sé hausthljóð í vindinn“, „vor sálaða móðir“ syngi „úr sjávarhljóðinu í fjarska“ og lokaorðin eru: „Og eyðileik þrungið / hvíslar vort hjarta / hljótt út í bláinn: / Hvar? . . . Ó hvar?“⁶³ Þarna birtist að hluta sá hugmyndaklasi sem áður er nefndur og getur tengst sjúkdómum eins og berklum. Þetta breytir ekki skilningi á ljóðinu í grundvallaratriðum en gerir það enn harmrænna, sérstaklega þegar haft er í huga að Jóhann orti Söknuð árið 1926, stuttu eftir að hann veiktist aftur af berklum.⁶⁴

Hugmyndaklasinn hafði líka áhrif á ímynd Jóhanns út á við. Í klasanum gátu farið saman hugmyndir um gáfur, fegurð, sjúkdóma og dapurleg örlög eins og áður segir. Helti Jóhanns af völdum berkla þótti gera hann líkan enska skáldinu Byron lávarði (1788–1824), hinna dökku og dáðu menningarhetju 19. aldar. Halldór Laxness minntist vinar síns með þessum orðum: „Um Jóhann sögðu stúlkurnar: fagur einsog Byron, skáld einsog Byron, haltur einsog Byron; en berklar höfðu skilið báða eftir með staurfót.“⁶⁵ Það er kaldhæðnislegt að setja fötlun í þetta ímyndarsamhengi en ummælin sýna hve áhrifamikill hugmynda-klasinn var og lífseigur. Halldór hakar í raun við þrjá liði í klasanum: fegurð, skáldagáfu og holti sem hann hefur til marks um sjúkdóm. Tengingin við berkla er reyndar á misskilningi byggð hvað Byron varðar því holti hans stafaði af meðfæddum klumbufæti.⁶⁶ Í augum heimsins var Byron þó einmitt holdtekja hins fagra, dapra og dæmda snillings.⁶⁷ Hann tengdist klasanum því ekki á sama hátt og berklaveikur landi hans og skáldbróðir, John Keats, en báðir urðu tákn- gervingar þeirrar rómantísku fagurfræði og listrænu depurðar sem lifði fram á 20. öld. Ótímabær dauði Jóhanns Jónssonar olli svo því að um hann myndaðist ákveðin goðsögn sem eftirlifandi vinir hans héldu á lofti eins og Soffía Auður Birgisdóttir hefur fjallað um.⁶⁸

⁶³ Jóhann Jónsson, *Ljóð og ritgerðir*, bls. 35.

⁶⁴ Jóhann orti ljóðið að líkindum í þorpinu Westerland á eyinni Sylt í Norðursjónum „síðsumars eða um haust 1926“ (Ingi Bogi Bogason, „Til að mála yfir litleysi daganna“, bls. 25).

⁶⁵ Halldór Laxness, *Grikklandsárið*, Reykjavík: Helgafell, 1980, bls. 60.

⁶⁶ J. V. Hirschmann, „Lord Byron’s Deformed Foot. A Medical and Biographical Assessment“, *The Byron Journal* 48: 1/2020, bls. 57–70.

⁶⁷ Byron ýtti sjálfur undir þessa ímynd með sviðsetningu sinni og verkum, meðal annars í ljóðaflokknum *Childe Harold’s Pilgrimage* (sjá Gabriele Poole, „The Byronic Hero, Theatricality and Leadership“, *The Byron Journal* 38: 1/2010, bls. 7–18).

⁶⁸ Soffía Auður Birgisdóttir, „Ég gaf þér ástina og sorgina.“ Elín Thorarensen, Jóhann Jónsson og *Angantýr*, Elín Thorarensen, *Angantýr. I. Minningar um hann. II. Ævintýri og ljóð frá honum*, 2. útg. (frumútg. 1946), Reykjavík: Lesstofan, 2011, bls. 71–120, sjá einkum bls. 87–92.



Mynd 3. Stefán Sigurðsson frá Hvítadal (Byggðasafn Dalamanna, 2005-1-17).

5. Hispurslaus tjáning og tilfinningasveiflur

Stefán Stefánsson fæddist árið 1887 á Hólmavík. Hann dvaldist fyrstu árin að Stóra-Fjarðarhorni í Kollafirði á Ströndum en flutti síðan að Hvítadal í Dala-sýslu og kenndi sig síðan við þann bæ. Stefán hóf prentnám á Ísafirði árið 1905 og hélt því áfram í Reykjavík. Á unglingsárum fékk hann berklaðsýkingu í fótinn

sem var tekinn af við ökkla.⁶⁹ Gekk hann við gervifót eftir það. Árið 1912 sigldi Stefán til Noregs, fór þar víða og vann meðal annars við skipasmíðar. Í Noregi greindist hann með lungnaberkla og dvaldi á heilsuhælum 1914–1915.⁷⁰ Hann sneri svo aftur heim til Íslands en fyrsta ljóðabók hans, *Söngvar förumannsins*, kom út árið 1918. Hann kvæntist og hóf brátt búskap fyrir vestan og bjó þar til dauðadags 1933. Dánarmein hans var lungnatæring.⁷¹

Begar Stefán kom til Reykjavíkur í kjölfar Noregsdvalar sinnar var hann orðinn þekktur meðal bæjarbúa þó að enn hefði fátt birst eftir hann á prenti. Hann hafði yfirbragð hins rómantíska förumanns og skáldmælt glæsímennis sem var heilsuveill og merktur dauðanum. Sú ímynd var sambærileg við þá sem áður er getið í tengslum við holti skáldanna Byrons og Jóhanns Jónssonar enda var Stefán borinn saman við lávarðinn að þessu leyti.⁷² Heitið á ljóðabók hans gaf auk þess til kynna að þar færi söngvaskáld sem ætti hvergi heima. Í *Söngvum förumannsins* kvað við nýjan tón í íslenskri ljóðagerð. Bókin kom út fullveldisárið 1918 og sló í gegn.⁷³ Kvæðin voru létt og leikandi og hrynjandi þeirra óvenjuleg. Stefán hafði kynnst kveðandi af þessu tagi í norrænum samtímaskáldskap og bendir Ivar Orgland sérstaklega á norska skáldið Per Sivle (1857–1904) í því sambandi.⁷⁴ Braglínur Stefáns hefjast oft á áherslulitlum atkvæðum eða forliðum sem valda því að ljóðin hljóma öðruvísi en hefðbundinn íslenskur kveðskapur, þar sem áhersluatkvæði eru oft höfð fremst í línu.⁷⁵ Kvæði Stefáns voru einföld,

⁶⁹ Ivar Orgland, *Stefán frá Hvítadal. Maðurinn og skáldið*, Baldur Jónsson og Jóhanna Jóhannsdóttir þýddu, Reykjavík: Menningarsjóður, 1962, bls. 126–131.

⁷⁰ Stefán var meðal annars á Lyster sanatorium (nú Harastølen) sem er í stórrí byggingu sem stendur í um 500 metra hæð yfir sjávarmáli og minnr að því leyti á hælið á fjallinu í *Der Zauberberg* eftir Thomas Mann. Um dvöl hans þar og í Førre tuberkulosehjem, sjá Ivar Orgland, *Stefán frá Hvítadal og Noregur*, bls. 34–66.

⁷¹ Þjóðskjalasafn Íslands (ÞÍ.). Saurbæjarþing BA 5. Prestsþjónustubók 1930–1954, bls. 383–384. Ég þakka Erlu Dóris Halldórsdóttur fyrir að benda mér á þessa heimild.

⁷² Þórbergur Þórðarson komst svo að orði um vin sinn: „Honum [Stefáni] var þar að auki léð sú huggun á augnablikum óvirðingarinnar, – sem ekki var trútt um, að sumir öfunduðu hann af, – að Byron lávarður, mesta ljóðskáld Englendinga, hafði líka gengið haltur eins og hann. Það gat stundum verið gaman að ganga eins og Byron. Það gat jafnvel verið svalandi nautn í að láta þetta þykkskinnaða umhverfi hugsa sí-sona: Hann gengur þá alveg eins og Byron!“ (Þórbergur Þórðarson, *Íslenskur aðall*, 5. útg. (frumútg. 1938), Reykjavík: Mál og menning, 1980, bls. 99).

⁷³ Um aðdraganda, einstök kvæði, útgáfu og viðtökur á *Söngvum förumannsins*, sjá Ivar Orgland, *Stefán frá Hvítadal og Noregur*, bls. 81–166.

⁷⁴ Sama rit, bls. 228–232.

⁷⁵ Ivar Orgland kallar bragarháttinn *nýstefshátt* og segir um braglidiðina: „Eitt af sérkennunum í ljóðagerð Stefáns er hinn *öfugi þríliður*, sem hann tók upp“ (*Stefán frá Hvítadal og Noregur*, bls. 280). Með því er átt við að í upphafi ljóðlínu fari tvö áherslulaus atkvæði á

látlaus og persónulegri en áður hafði tíðkast. Skáldið kvað um fegurð lífsins, um heilsuleysi, dýrlega söngva um vorið og dapurlega um dauðann, orti ófeiminn um ástir, konur og æskuna. Þjóðin hafði fengið fullveldi og það náði líka til tilfinninganna sem Stefán tjáði á óheftan og opinskáan hátt.

Hér verða tekin fyrir tvö kvæði sem birtust í *Söngvum förumansins*. Bæði virðast hafa orðið til í frumgerð sinni meðan Stefán var á heilsuhæli í Noregi.⁷⁶ Hið fyrra heitir Nú líður... og lýsir líkamlegri og andlegri vanlíðan. Ljóðmælandinn er örþreyttur eftir baráttu sína við sjúkdóminn og við það að gefast upp:

Nú líður óðum
á lokaþáttinn.
Mér er örðugt og þungt
um andardráttinn.
Hið ytra virðist
í engu breytt,
en sært er hjartað
og sál mín þreytt.

Þið auðn og myrkur,
þið í mig náðið,
því lampinn er tæmdur
og ljósið dáðið.
Það er vetur í landi
og veðragnýr,
og sál mína næðir
og svefninn flýr.⁷⁷

Sjúkdómurinn veldur því að andardráttur ljóðmælanda er þungur og hann á erfitt með svefn. Hann sættir sig við að auðnin og vetrarmyrkrið taki sig enda

undan áhersluatkvæði og saman myndi þau braglið sem er þrjú atkvæði.

⁷⁶ Erfitt er að tímasetja kvæðin með vissu en Stefán virðist að minnsta kosti ekki hafa fullort síðara kvæðið, Hún kyssti mig, fyrr en 1918, árið sem *Söngvar förumansins* komu út (sjá Ivar Orgland, *Stefán frá Hvítadal og Noregur*, bls. 106–107). Efnisleg og formleg rök eru fyrir því að kvæðin séu tengd vist Stefáns á berklahæli í Noregi. Bæði lýsa þau alvarlegum veikindum og sýna auk þess formleg áhrif frá norskum kveðskap sem Stefán þekkti ekki áður en hann flutti til Noregs. Kvæðin eru ort undir þeim hætti sem Stefán kynntist hjá Per Sivle, þar sem hvert erindi er átta ljóðlínur og síðustu fjórar inndregnar (sjá sama rit, bls. 228–229, þar sem fyrra kvæðið, Nú líður..., er tekið sem dæmi um áhrifin frá Sivle).

⁷⁷ Stefán frá Hvítadal, *Ljóðmæli*, bls. 31.

ljósmetið á þrotum og allt slokknað. Síðan biður hann guð um að láta „þitt ljós mér skína / og sendu frið inn / í sálu mína. / Ó vertu mér, drottinn, / í dauða hlíf. / Ég bið ekki frammar / um bata og líf.“⁷⁸ Í óði Keats til næturgalans vildi ljóðmælandinn fá að líða út af á miðnætti en í kvæði Stefáns vill hann fá að lifa til vors og deyja þegar „hádegissólin / í heiði skín, / mig héðan kveddu / og heim til þín“.⁷⁹ Vorið á að koma „með ljós og angan / og blóm í fangi / og bros um vangann / og dagliljum varpa / á dauðans stig / og setjast hjá mér / og svæfa mig.“⁸⁰ Ljóðmælandinn í Andvörpum Jóhanns Gunnars bað líka um það eitt að fá að lifa þangað til vorið kyssti hið sára brjóst hans hlýjum kossi.

Hitt kvæðið úr *Söngvum förumannsins* heitir Hún kyssti mig. Hér er það ástin sem gefur lífinu gildi og frelsar hinn sjúka, sára ljóðmælanda:

Ég var fötur og fár,
ég var fallinn í döf.
Ég var sjúkur og sár,
og ég sá aðeins gröf.
Hvar er forynjan Feigð
með sitt fláráða spil?
Hér kom gleðinnar guð
og það glaðnaði til.

Læddist forynjan frá
með sinn ferlega her.
Hún var grimmeyg og grá,
og hún glotti við mér.
Ég er frelsaður, Feigð,
ég hef faðmað og kysst.
Undir septembersól
brosti sumarið fyrst.⁸¹

Í kvæðinu birtist sá fölvi og deyfð („döf“) sem einkennir skáldskap sem tengist berklum. Ljóðmælandi var orðinn vonlaus um bata („sá aðeins gröf“) en kossinn hefur gert hann bjartsýnan og vikið hætgunni frá um sinn. Ástin birtist sem frelsandi afl sem fyllir sjúklinginn von um bata. Eins og hjá Jóhanni Gunnari

⁷⁸ Sama rit, bls. 32.

⁷⁹ Sama rit, bls. 33.

⁸⁰ Sama stað.

⁸¹ Sama rit, bls. 41–42.

er andstæðingurinn persónugerður („forynjan Feigð“) og gleðin líka sem birtist sem guðleg vera („gleðinnar guð“). Hernaðarmál er notað eins og algengt er í baráttunni við sjúkdóma og rætt um að „forynjan“, „grimmeyg og grá“, hafi hörfað „með sinn ferlega her“. Keats og Jóhann Gunnar ortu kvæði sem tengdust hefðarheimi sagnadansa með riddurum og álfkonum eða kóngsdætrum. Í kvæðinu lætur Stefán leikinn einnig berast inn í heim ævintýra og vekur upp skógarmynd. Munurinn er sá að þar mætir ljóðmælandanum ekki óhugnaður eða ill orlög heldur brosir gæfan við honum: „Gegnum skínandi sknúð / inn í skóginn mig bar. / Þangað kóngsdóttir kom, / og hún kyssti mig þar.“⁸² Svo ávarpar hann kóngsdótturina: „Þennan hamingjudag / gaf mér heit þitt og koss, / þennan dýrlega dag, / þú, mitt dýrasta hnoss.“⁸³ Ljóðmælandi Jóhanns Gunnars í kvæðinu Andvörp lét sig dreyma um hlýjan koss vorsins en hér er það heitur ástarkoss konu sem hefur svo sterk áhrif á sjúklinginn að honum finnst hann hafa hreppt kóngsdóttur í ævintýri sem muni enda vel.⁸⁴

Kvæðin Nú líður... og Hún kyssti mig sýna tilfinningarsveiflurnar sem Stefán frá Hvítadal tjáði í skáldskapnum og tengdust sjúkdómnum sem hann var haldinn. Ljóðmælandur hans sveiflast á milli deyfðar og eldmóðs, uppgjafar og sigurvissu, örvæntingar og trúar á að þeir muni ná heilsu. Slíkar tilfinningasveiflur eru vel þekktar í skáldskap sem tengist berklum eins og nefnt var í upphafi þessarar greinar. Susan Sontag og Katherine Byrne telja þær eitt helsta einkennið á berklaskáldskap og þessar ljóðrænu sveiflur endurspegla raunverulegar tilfinningar þeirra sem eru alvarlega veik. Hjá Stefáni og Jóhanni Gunnari eru þær árstíðabundnar að því leyti að haust og vetur tengjast frekar niðursveiflum og vor og sumar uppsveiflum. Bæði skáldin þrá vorið heitt og vona jafnvel að það boði bata. Árstíðirnar endurspegla þá innri líðan eins og hjá Jóhanni Gunnari þar sem veturinn getur náð inn í hjartað (kvæðið Hríð). Hann notar líka náttúrumyndir sem tengjast hafinu (Undir seglum) og hinum djúpa hyl (Óráð) í kvæðum sínum um sjúkdóminn. Jóhann Gunnar og Stefán láta báðir birtu og ljós tákna lífið og

⁸² Sama rit, bls. 42.

⁸³ Sama rit, bls. 43.

⁸⁴ Ivar Orgland telur að kvæðið Hún kyssti mig sé ort til hjúkrunarkonu sem hét Mathilde Mong (f. 1889) og starfaði á berklahælinu í Førre (sjá Einar Falur Ingólfsson, „Mér finnst það eigi að vera frelsi í ljóðlistinni“ [viðtal við Ivar Orgland], *Morgunblaðið*, 15. júní 1991, bls. B4–B5, hér bls. B4). Þau hafi fellt hugi saman og Stefán litið svo á að það væri henni að þakka að hann náði aftur heilsu. Eftir að leiðir þeirra skildu hafi hann svo sannfærst um að kynni þeirra hefðu valdið því að hún hefði smitast og berklarnir síðan dregið hana til dauða. Síðar skirði hann dóttur sína Matthildi (f. 1922) í höfuðið á hjúkrunarkonunni. Mathilde Mong fékk reyndar berkla en hún lifði lengur en Stefán og lést 1947 (um samband þeirra, sjá Ivar Orgland, *Stefán frá Hvítadal og Noregur*, bls. 55–61).

vonir um að ná heilsu en andstæða þess í kvæðum þeirra er auðn, kuldi og myrkur. Stefán tjáir tilfinningarnar á opnari og hispurslausari hátt en Jóhann Gunnar sem ummyndar þær frekar í tákni og myndmál sem kallast á við þjóðkvæðahefðina. Tilfinningatjáning er líka samofin náttúrumyndum í kvæðum þriðja og síðasta skáldsins sem hér verður fjallað um, Guðfinnu Jónsdóttur frá Hömrum.



Mynd 4. Guðfinna Jónsdóttir frá Hömrum (Ljósmyndasafn Þingeyinga, PK-7984).

6. Frá landi kuldans yfir í hljómheim fegurðar og birtu

Guðfinna Jónsdóttir fæddist að Arnarvatni í Mývatnssveit 1899 en fluttist ung að Hömrum í Reykjadal. Hún lagði stund á orgelleik og var organisti kirkjunnar á Húsavík eftir að hún flutti þangað. Guðfinna greindist með berkla í baki á þrítugsaldri og átti í baráttu við sjúkdóminn í tvo áratugi áður en hún lést af völdum hans í Kristnesi árið 1946.⁸⁵ Hún orti mest á síðustu æviárum sínum og gaf út tvær ljóðabækur, *Ljóð* 1941 og *Ný ljóð* 1945. Úrval úr ljóðum hennar kom svo út árið 1972.⁸⁶ Guðfinna sneri sér að ljóðagerðinni þegar hún gat ekki lengur sinnt tónlistinni vegna veikinda og líta má á skáldferil hennar sem beint framhald af tónlistarferlinum. Hún yrkir oft um heiminn sem himneskt tónverk og í mörgum ljóðum hennar koma hljóð við sögu. Það geta verið náttúruleg hljóð í kvæðum eins og Lundur hússins, Bæjarlind, Hófatak, Bergmál og Hvar er blærinn, sem þaut í gær? Hljóðin geta líka verið af manna völdum eins og í kvæðunum *Ljóð* og *lag*, *Rokkhljóð* og *Undirspil* (öll kvæðin sem hér voru nefnd birtust í *Ljóðum* 1941). Í kvæðinu *Heiðakyrrið* segir í síðasta erindinu:

Hin djúpa og höfga heiðakyrrið
í hörpuna þúsund raddir fær.
Í öræfatriði fyrst ég nam,
hve fagurt í lotning hjartað slær,
og sál mín heyrandi heyrði þar,
og hljómkviðan Eilífð barst mér nær.⁸⁷

Kristján Karlsson bendir á að „hljómkviðan Eilífð“ geti hér tengst „goðsögninni um „hljómlist hvolfanna““.⁸⁸ Sú goðsögn eða hugmynd hefur verið rakin til forngríska spekingsins Pýþagórasar (um 570–495 f. Kr.) sem taldi að alheimurinn væri fullur af tónlist og samhljómi. Pláneturnar mynduðu ákveðin hljóð þegar þær færu eftir brautum sínum en mannleg eyru greindu þau ekki. Af þessu spratt sérstök dulhyggja sem höfðaði til rómantískra skálda á 19. öld. Í rómantikinni gat „hljómlist hvolfanna“ (lat. *Musica universalis*, e. *Music of the spheres*) tengst þeirri

⁸⁵ Arnór Sigurjónsson, „Guðfinna Jónsdóttir frá Hömrum“, *Andvari* 97: 1972, bls. 77–97, sjá einkum bls. 86–97; Rakel Sigurgeirsdóttir, „Þráin er í treganum bundin. Um ljóð Guðfinnu frá Hömrum“, *Tímarit Máls og menningar* 60: 1999, bls. 79–96, sjá einkum bls. 79–80.

⁸⁶ Guðfinna Jónsdóttir frá Hömrum, *Ljóðabók. Safn*, Kristján Karlsson valdi ljóðin og ritaði formála, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1972.

⁸⁷ Guðfinna Jónsdóttir frá Hömrum, *Ljóð*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1941, bls. 72.

⁸⁸ Kristján Karlsson, „Guðfinna Jónsdóttir frá Hömrum“, *Hús sem hreyfist. Sjö ljóðskáld*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1976, bls. 71–85, hér bls. 82. (Endurskoðuð gerð formála Kristjáns Karlssonar að *Ljóðabók* Guðfinnu frá Hömrum 1972.)

útbreiddu hugmynd að samhljómur væri milli sálarinnar og náttúrunnar. John Keats orti um hina hljóðu og dulúðugu tónlist í áðurnefndum óði sínum til gríska leirkersins (*Ode on a Grecian Urn*): „Heard melodies are sweet, but those unheard / Are sweeter; therefore, ye soft pipes, play on; / Not to the sensual ear, but, more endear’d, / Pipe to the spirit ditties of no tone.“⁸⁹ Lögin sem hljóma séu fögur en fegurri séu þó söngvarnir sem andinn einn heyrir eða „sál mín heyrandi heyrði“ eins og Guðfinna orðar það.⁹⁰ Síðar á 19. öld ortu sýmbólistar eins og Charles Baudelaire (1821–1867) um samsvaranir og samhljóm milli manns og náttúru. Í sonnettunni *Correspondances* kveður hann um náttúruna sem skóg tákna og lýsir sambandi mannsins við hana með tilvísun til hljóða, hljóðfæris (óbós) og söngs, auk annarra skynrænna fyrirbrigða.⁹¹ Meðal norrænna skálda sem ortu hljóm-fögur ljóð um tónlist sköpunarverksins var Norðmaðurinn Olav Nygard (f. 1884) sem berklar drógu til dauða 1924. Kvöldljóði hans, *No reiser kvelden seg*, lýkur á þessum orðum: „Or djupe himlar slær ein baaregong / av evig skapings-gir og sfæresong / som helsar frendeblidt mot dökke strender.“⁹² Hin fagurhljómandi og skapandi dulúð naturheimsins minnir á skáldskap Baudelaire og dæmin hér að ofan sýna hvernig hugmyndin um hljómlist náttúrunnar ummyndast úr einni stefnu yfir í aðra og frá skáldi til skálds.⁹³

Í ljóðheimi Guðfinnu er bæði hljóð og hljómandi tónlist. Hún kveður um tónleika (Strengjapáttur í D-moll) þar sem hvert hljóðfæri er um leið „strengur lífsins“: „leikur háfiðlan gleðinnar skæra brag“, „djúpfiðlan hljómar hafsins volduga klíð“, „hreimpungt titrar alfiðlan sorgarsvöl“ og „strengjapáttur í D-moll fær drottin hyllt / og djúpin myrk og himininn saman stíllt“.⁹⁴ Hún yrkir um áhrifin sem einstök tónskáld geta haft á heiminn (Harpa Chopins) og um veröldina sem hljóðheim (Þagnarmúr). Í síðara kvæðinu hefur skortur á ástúð myndað múr á milli manna og þjóða:

⁸⁹ John Keats, *Complete Poems*, bls. 282.

⁹⁰ Um „hljómlist hvolfanna“ frá Pýþagórasi til Keats, sjá Peter J. Sorensen, „On Keats’s ‘Unheard Melodies’“, *The Keats-Shelley Review* 8/1993, bls. 27–31.

⁹¹ Charles Baudelaire, *Les fleurs du mal*, 2. útg. (frumútg. 1857), París: Poulet-Malassis et De Broise, 1861, bls. 15–16.

⁹² Olav Nygard, *Ved vebande. Dikt*, Oslo: Det norske Samlaget, 1923, bls. 10. Í íslenskri þýðingu: „Úr djúpum himnanna bærast öldur / eilífrar sköpunarþrár og hljómlistar hvolfá / sem minnst vinalega við dimma strönd.“ Ég þakka Hermanni Bjarnasyni fyrir að þýða línurnar úr nýnorsku.

⁹³ Um kvöldljóð Nygards og samanburð þess við *Correspondances* eftir Baudelaire, sjá Asbjørn Aarnes, *Poesien hos Olav Nygard. Et dikteralbum*, Oslo: Pax Forlag A/S, 2004, bls. 44–46.

⁹⁴ Guðfinna Jónsdóttir frá Hömrum, *Ljóð*, bls. 63.

En fyrir einum ómi á jörð
hver ísmúr brestur um þvert.
Öll hamravirki hrynja í grunn
og hatursvígi hvert,
sem ástúðin sjálf í orðsins ham
fær öflugum vængjum snert.⁹⁵

Ómur kærleikans er svo máttugur að hann getur brotið niður allt það sem hamlar
því að þjóðir myndi bræðralag. Í kvæðinu Viðlagi er tónlistargyðjunni sungið lof:

Og hljóðmanna dís vér dýrkum heitt,
er daganna gullreið ekur.
En fegurst við landmörk húms og hels
hún himinsins bergmál vekur.
Þá birtist oss allra söngva sál
og seiðir, er kvölda tekur.⁹⁶

Guðfinna kveður hér eins og Keats um þá tónlist sem er af öðrum heimi og vekur „himinsins bergmál“ með sálrænum eða huglægum tengslum sínum („allra söngva sál“). Kvöldið er tími þessa samhljóms alheimsins eins og í áður nefndu kvæði Olavs Nygard.

Tónlistin er ekki aðeins yrkisefni Guðfinnu heldur leggur hún mikið upp úr hrynjandi og hljómi kvæða sinna. Ljóðmælendur hennar láta sig dreyma um óskaland fegurðar og samhljóms og skáldskapurinn sjálfur ber líka vott um þetta. Oft minna kvæði hennar á hljómfögur ljóð sýmbólalista. Kristján Karlsson bendir á kvæðið Heiðakýrrð sem dæmi um fagurfræði táknsæisins hjá Guðfinnu: „Litur og hljómur svara hvor til annars, og það er kenningaratriði í sýmbólskum skáldskap“.⁹⁷ Ljóð hennar má líka bera saman við kvæði Keats sem eru full af þrá eftir fegurð og samhljómi. Máttur skáldskaparins er slíkur að hann getur með hljómi sínum grætt upp landið á draumkenndan hátt eins og Guðfinna yrkir um í Dynskógi:

Í söngvunum grær hvert laufblað, er lifði endur.
Í dulræðu skjáfi sandsins um sorfnar lendur
mig kallar Dynskógur horfinn, höggvinn, brenndur.⁹⁸

⁹⁵ Guðfinna Jónsdóttir frá Hömrum, *Ný ljóð*, Reykjavík: Helgafell, 1945, bls. 13.

⁹⁶ Sama rit, bls. 20.

⁹⁷ Kristján Karlsson, „Guðfinna Jónsdóttir frá Hömrum“, bls. 78.

⁹⁸ Guðfinna Jónsdóttir frá Hömrum, *Ný ljóð*, bls. 34.

Hið dulúðuga í kvæðum Guðfinnu tekur stundum á sig ískyggilegar myndir. Kvæðið Vofan lýsir afturgengnum elskhuga sem hefur tekið sér bólfestu í hjarta ljóðmælanda. Óhugnaðurinn tengist þar tónlistinni þegar vofan reynir að ná tökum á konunni og segir:

Enn mun hönd mín á langspilið leika,
hún er lipur og hvít eins og ull.
Svo ber þú mér æskunnar bikar,
síðan bergjum við tryggðanna full.⁹⁹

Guðfinna yrkir í skugga dauðans eins og Jóhann Gunnar Sigurðsson og Stefán frá Hvítadal. Hún tjáir sig þó ekki endilega beint um það í ljóðum sínum en gefur það til kynna með ýmsum hætti. Kvæðinu Yrkisföng lýkur á tilvitnun í klassískan málshátt um að lífið sé stutt en listin löng (lat. *Ars longa, vita brevis*) en Guðfinna umorðar hann lítilega og snýr honum upp á líf *sitt*:

Ver örlát, jörð,
á þín yrkisföng,
á meðan vorið
mér vekur söng,
því stutt er líf mitt,
en listin löng.¹⁰⁰

Kvæðið Áfangastaður lýsir ævigöngu ljóðmælanda „um heiðar og stórgrýttan stig“ og að andi hennar hafi þráð að komast á leiðarenda – „en af óró hann mettaðist þar: / þaðan blasti við augunum áfangi nýr, / er hið óþekkt í faðmi sér bar.“¹⁰¹ Hún hafi því ekki verið fyrir komin á einn áfangastað en sá næsti dró hana til sín. Í niðurlagi kvæðisins gengst hún svo við því að þetta sé huglægt ferðalag og áfangastaðurinn sé innra með hverjum og einum:

Og með þreytu um öxl og með þorsta á vör
legg ég þögul á öræfin blá.
Nú veit ég, að hugur minn orkar því einn,
hvaða útsýn er hæðunum frá,
því að áfangastaður hvers einasta manns
er hin óræða, volduga þrá.¹⁰²

⁹⁹ Sama rit, bls. 66.

¹⁰⁰ Sama rit, bls. 64.

¹⁰¹ Guðfinna Jónsdóttir frá Hömrum, *Ljóðabók. Safn*, bls. 124.

¹⁰² Sama rit, bls. 125.

Í Strengjapætti í D-moll kemur hljóðfæraleikur við sögu eins og áður er nefnt en ekki eru sögð nánari deili á tónverkinu. Samt gefur Guðfinna ákveðna vísbendingu með því að taka fram að um strengjapátt sé að ræða og þessa tilteknu tóntegund. Ýmis klassísk verk koma þar til greina en frægast þeirra er strengjakvartett nr. 14 í D-moll sem Franz Schubert (1797–1828) samdi árið 1824. Sá kvartett gengur undir nafninu „Dauðinn og stúlkan“ (þ. *Der Tod und das Mädchen*) og var vinsæll hér á landi eins og annars staðar (hann hafði til dæmis verið leikinn í útvarpinu 1935, 1937 og 1938 eða fáeinum árum áður en kvæðið kom út í *Ljóðum* 1941).¹⁰³ Ef það er rétt til getið að Guðfinna vísi hér í „Dauðann og stúlkuna“ fær niðurlag kvæðisins aukinn þunga þegar ljóðmælandi segir:

Og þín hefi ég leitað, altíðla sorgarsvöl,
sár og dauðapýrst af vegarins kvöl.
Ég þrái bergvatnið fossandi, fagurhrannað.
Fyrirgefðu mér líf. Ég get ekki annað.¹⁰⁴

Tónn víólunnar er eins og fossandi bergvatn sem svalar þjáðum, sárum og þýrstum vegfaranda kvæðisins. Sorg og dauði eru ekki orðuð beint en þeim er komið að í samsettu lýsingarorðunum *sorgarsvöl* og *dauðapýrst*. Í áðurnefndu Undirspili reynir sú sem talar að slá á léttu strengi þegar hún leikur á hljóðfærið en „undir syngur sorgartónninn sí og æ“:

Var harpan mín af grátvið gjörð og geymdi vel
frá Svörtuskógum þungan þyt og þrautaél?
Hvort rakti þar sinn grimma galdur gyðjan Hel?¹⁰⁵

Þannig hljóma depurð og dauði oft undir niðri í kvæðum Guðfinnu og taka á sig tónlistarmyndir.

Lokaljóðið í síðari bók Guðfinnu heitir Með sól. Þar er sólin hylt sem ljós- og lífgjafi og síðan ávörpuð:

¹⁰³ Sjá leitarniðurstöður á timarit.is undir leitarorðunum „Dauðinn og stúlkan“. Í strengjakvartett eru þrenns konar hljóðfæri: fiðla („háfiðla“), víola („altíðla“) og selló („djúpfiðla“). Fiðlurnar eru tvær talsins og hljóðfærin því fjögur alls. Þó að Guðfinna ræði um fiðluna í eintölu („háfiðla“) þarf það ekki að þýða að hún eigi við strengjatrió (að hljóðfærin séu bara þrjú) enda eru tónverk fyrir tríó mun sjaldgæfari en fyrir strengjakvartetta. Líklegra er að hún eigi einfaldlega við tegundir hljóðfæra en ekki tölu þeirra.

¹⁰⁴ Guðfinna Jónsdóttir frá Hömrum, *Ljóð*, bls. 64.

¹⁰⁵ Sama rit, bls. 92. Orðið *harpa* er væntanlega notað í merkingunni slagharpa (píanó), sbr. kvæðið Harpa Chopins (hann samdi aðallega verk fyrir píanó).

En stutt er ævifylgd mín, þú fyrirgefur,
því feigðarhönd mig grípur hin kalda storð.
Það sakar eigi, fyrst hjarta mitt vermt þú hefur,
ef hending minna stefja var sólarorð.¹⁰⁶

Ljóðmælandi kveður sólina og biðst fyrirgefningar á því að geta ekki fylgt henni lengur, rétt eins og ljóðmælandinn í Strengjaþætti í D-moll hafði beðið lífið sjálft. Í kvæðum Guðfinnu birtist djúp lotning fyrir lífinu og sólinni en tíminn er naumur. Hér má sjá kunnuglegar andstæður berklabókmennta eins og kulda og hita, dauða og líf. Hin kalda hönd landsins eða jarðarinnar hefur gripið ljóðmælanda heljartökum („feigðarhönd mig grípur hin kalda storð“) en sólin hefur vermt hjarta hennar og hún hefur hyllt ljósgjafann í ljóðum sínum („hending minna stefja var sólarorð“). Síðari ljóðabók Guðfinnu kemur út ári áður en berklarnir draga hana til dauða. Henni er löngu orðið ljóst í hvað stefnir og þetta er kveðja hennar. Rakel Sigurgeirsdóttir bendir á að nálægðin við dauðann kalli fram miklar andstæður í skáldskap Guðfinnu, allt frá kulda og vetrarlandslagi til draumalands sólar og samhljóms.¹⁰⁷ Að því leyti séu ljóð hennar og Jóhanns Gunnars Sigurðssonar sambærileg:

Jóhann Gunnar unnir táknum lífsins heitast eins og skáldkonan frá Hömrum. Honum er það huggun í dauðastríði ef sólin kyssir á mein-ið en Guðfinna fagnar þeirri fullvissu að hún „er förunautur sólar á vesturleið.“ Fram til hinstu stundar dremyr þau um að komast í faðm sveitarinnar sem geymir vor æskunnar og draumanna.¹⁰⁸

Aftur á móti eru slíkar andstæður ekki bundnar við berklaskáldskap og geta birst í verkum skálda sem ekkert amar að. Jóhann Sigurjónsson orti til dæmis kvæði sem markast af andstæðum lífs og dauða, hausti, hverfulleika og fölva, ljósi og skugga og því að fá ekki að vera þátttakandi í lífinu (Haustfífillinn, Heimþrá, Ódysseifur hinn nýi, Bikarinn og Sonnetta).¹⁰⁹ Af þessum kvæðum mætti ætla að skáldið lægi fyrir dauðanum en Jóhann var reyndar á besta aldri og kenndi sér einskis meins þegar hann orti þau (kvæðin birtust í tímaritum 1910–1911

¹⁰⁶ Guðfinna Jónsdóttir frá Hömrum, *Ný ljóð*, bls. 82.

¹⁰⁷ Rakel Sigurgeirsdóttir, „Þráin er í treganum bundin. Um ljóð Guðfinnu frá Hömrum“, bls. 86–91. Rakel fjallar einnig um óútgefin ljóð Guðfinnu eins og Hvergi heima sem lýsir kulda og vetrarlandslagi (sjá sama rit, bls. 87–89).

¹⁰⁸ Sama rit, bls. 90.

¹⁰⁹ Jóhann Sigurjónsson, *Rit I*, bls. 225–229.

en Jóhann fékk ekki alvarleg sjúkdómseinkenni fyrr en í ársbyrjun 1919).¹¹⁰ Lærdómurinn sem draga má af því er annars vegar sá að ekki er hægt að nota algeng einkenni berklabókmennta til almennra „sjúkdómsgreininga“ á skáldskap og álykta út frá þeim um heilsufar viðkomandi höfundar. Hins vegar sýnir þetta að áður nefndur hugmyndaklassi var orðinn svo áhrifamikill á 19. og 20. öld að einkennalaus skáld fóru að yrkja eins og berklasjúklingar við dauðans dyr. Að því leyti var hugmyndaklassinn eins og farsótt sem breiddist út um heiminn og olli andlegri sýkingu.

7. Niðurstöður

Sú könnun sem hér hefur verið gerð á íslenskum kveðskap sem tengist berklum sýnir að skáldlegar birtingarmyndir sjúkdómsins og viðbrögð við honum líkjast um margt því sem þekkt er erlendis frá. Í íslenskum kvæðum má sjá hliðstætt myndmál og orðræðu sem höfundar fræðirita eins og Susan Sontag og Katherine Byrne telja til helstu einkenna berklabókmennta. Þar á meðal er blómamál og þá sérstaklega rósarmyndir eins og sjá má á lýsingum á sjúklegu ástandi í kvæðum Bjarna Thorarensens og Jóhanns Sigurjónssonar. Litur og litleysi eru annað einkenni sem birtist í ýmsum kvæðum eftir Jóhann Gunnar Sigurðsson, Jóhann Jónsson og Stefán frá Hvítadal. Einkenni eins og hernaðarmál og persónugervingar berkla og dauðans koma fyrir hjá Jóhanni Gunnari, Stefáni og Þorsteini Erlingssyni sem yrkir um sjúkdóminn sem óvin þjóðarinnar. Auk þess birtast í skáldskapnum sterkar andstæður eins og lífsþorsti og dauðaprá, fegurð og ljótleiki (neikvæðar líkamsmyndir), ást og hatur eða beiskja, ástríður og deyfð, sköpunarkraftur og lamandi depurð, virkni og þolandaháttur, líkami og andi. Slíkar andstæður setja svip sinn á kvæði Jóhanns Gunnars, Stefáns og Guðfinnu frá Hömrum. Myndmál kulda birtist hjá þeim öllum og þrá eftir hlýju og birtu. Haust- og vetrarlandslag myndar þá gjarnan andstæðu við vor- og sumarmyndir. Þetta er í sjálfu sér algengt myndmál í íslenskri ljóðagerð en það er tengt heilsufari í verkum veikra skálda.

Í kvæðum Jóhanns Gunnars birtast veikindin oft í myndhverfingum og ummyndunum eins og þekkt er úr kvæðum eftir erlend skáld eins og John Keats sem dó úr berklum. Þeir yrkja báðir um föla riddara sem eru milli heims og helju (*La Belle Dame sans Merci* og *Í val*). Jóhann Gunnar sækir stef og stíl í þjóðkvæði og

¹¹⁰ Jón Viðar Jónsson vitnar til heimilda um að Jóhann hafi fengið sárásótt eftir komuna til Kaupmannahafnar haustið 1899. Hann hafi hins vegar orðið einkennalaus en verið haldinn „þráhyggju“ um dauðann og það kann að skýra nálægð hans í verkum skáldsins (sjá Jón Viðar Jónsson, *Kaktusblómið og nóttin*, bls. 97).

lætur ljóðrænan óhugnað þeirra endurspegla vanlíðan og ótta þeirra sem eru alvarlega veik. Hann persónugerir tæringuna í kvæðinu *Ævisaga*, þar sem hún eltir unga manninn „í helgrárrí, horaðri mynd, / holeyg og visin sem beinagrind“. Hann yrkir um sjúkdómseinkenni eins og óráð, fótakulda og líkama sem er eins og fúíð fley. Í kvæðinu *Andvörp* birtast lungnabeklarnir í mynd sárs sem veturinn hefur „merkt á brjósti / grimmum geirsoddi“. Stefán frá Hvítadal yrkir á beinskeyttari hátt þó að hann beiti líka myndmáli til að lýsa þeirri líðan og tilfinningum sem fylgja því að vera haldinn lífshættulegum sjúkdómi. Kvæði Stefáns einkennast af hispurslausri tjáningu og tilfinningasveiflum sem lýsa von um bata og ótta við dauðann. Ástríður og deyfð skiptast þar á og hið sama má segja um kvæði Jóhanns Gunnars. Í kvæði Stefáns, *Frá liðnum dögum*, hóstar ljóðmælandinn blóði en brosir þó, vegna þess að ung hjúkrunarkona hefur náð að gleðja hann um stund með fögrum söng trúarljóða. Í öðru kvæði, *Nú líður...*, er ljóðmælandi örþreyttur eftir baráttu sína við sjúkdóminn og við það að gefast upp. Í kvæðinu *Hún kyssti mig* fyllist ljóðmælandinn svo trú á líf og bata eftir að hjúkrunarkona hefur kysst hann heitum kossi.

Guðfinna frá Hömrum skapar ákveðinn heim í ljóðum sínum sem lýsir sér í fegurð, samhljómi og birtu. Tónlistin setur sterkan svip á skáldskapinn og myndar eins konar hljómgrunn í lýsingum hennar á náttúrunni og tilfinningum. Hún yrkir um áhrif einstakra tónverka (*Strengjapáttur í D-moll*) og tónskálda (*Harpa Chopins*) en „hljómkviðan Eilífð“ birtist leynt og ljóst í skáldskapnum. Dulúðugir tónar og hljómar óma í sköpunarverkinu og þá má tengja hugmyndinni um „hljómlist hvolfanna“. Keats yrkir á svipaðan hátt í *Ode on a Grecian Urn* og skapar í ljóðum sínum heim fegurðar og samhljóms. Nálægðin við dauðann kemur beint og óbeint fram í ljóðum Guðfinnu og getur tekið á sig tónlistarmyndir (*Strengjapáttur í D-moll*, *Undirspil* og *Vofan*). Hið sama má segja um þunglyndið sem gerir víða vart við sig í skáldskapnum. Ljóðmælandi í *Undirspili* reynir hvað hún getur til að láta slaghörpuna hljóma glaðlega en „undir syngur sorgartónninn sí og æ“ og það er engu líkara en hljóðfærið sé gert úr „grátvið“ sem geymi „frá Svörtuskógum þungan þyt og þrautaél“. Skáldkonan yrkir líka sólarljóð um hlýju og birtu sem mynda andstæðu við kulda, þreytu, þorsta og kvöl. Þannig má greina ýmis einkenni berklabókmennta í ljóðum Guðfinnu en í samanburði við Jóhann Gunnar og Stefán er ljóðheimur hennar fagurfræðilegri og hljómrænni.

Þörf er á frekari rannsóknnum á tengslum berkla og bókmennta. Þessi könnun gefur skýrar vísbendingar um ákveðin einkenni en hún afmarkast við þrjú skáld og valin ljóð frá fyrri hluta 20. aldar með samanburði við eldri kvæði. Þetta er það skeið þegar útbreiðsla sjúkdómsins nær hámarki á Íslandi og berklar eru skil-

greindir sem þjóðarmein. Mörg önnur skáld og rithöfundar lýsa berklum beint og óbeint, bæði þau sem smituðust og eins hin sem hafa nálgast sjúkdóminn, sjúklingana og heilsuhælin sem skáldlegt viðfangsefni. Hugmyndaklasinn sem hér var fjallað um er líka rannsóknarefni út af fyrir sig og tengist ekki aðeins berklum heldur líka öðrum sjúkdómum og menningarástandi. Í klasanum fara oft saman æska, fegurð, gáfur, hnignun, depurð og dæmd ást eða ill örlög. Klasinn birtist að hluta í einstökum ljóðum frá 19. og 20. öld en hefur líka áhrif á ímynd skáldanna Jónasar Hallgrímssonar og Jóhanns Jónssonar eins og hér var sýnt. Birtingarmyndir berkla og sjúkdóma í skáldskap eru flókið rannsóknarefni og því verða ekki gerð viðhlítandi skil nema höfð sé um leið hliðsjón af sögu hugmynda, menningar og heilbrigðisvísinda.¹¹¹

ÚTDRÁTTUR

Í greininni er fjallað um skáldskap sem tengist berklum. Hún hefst á almennum innangi um sögu berkla og menningarlega þýðingu þeirra sem „rómantíks sjúkdóms“. Síðan eru dregnar saman helstu niðurstöður erlendra rannsókna á berklabókmenntum. Susan Sontag og Katherine Byrne hafa bent á skáldskapareinkenni á borð við blómamál, lit og litleysi (roða, fölva), hita og kulda, hernaðarmál (bardaga, berkla sem óvin) og persónugervingar berkla eða dauðans (vofa, svipur, beinagrind). Auk þess hafa þær sýnt að í skáldskapnum birtist oft sterkar andstæður eins og lífsþorsti og dauðaþrá, fegurð og ljótleiki, ást og hatur eða beiskja, ástríður og deyfð, sköpunarkraftur og lamandi depurð, virkni og þolandaháttur, líkami og andi. Í greininni er leitað svara við þeirri spurningu hvort hliðstæð einkenni megi finna í íslenskri ljóðagerð. Könnunin beinist sérstaklega að völdum kvæðum eftir skáldin Jóhann Gunnar Sigurðsson (1882–1906), Stefán Sigurðsson frá Hvítadal (1887–1933) og Guðfinnu Jónsdóttur frá Hömrum (1899–1946). Einnig er hugað að þeim hugmyndaklasa sem tengist sjúkdómum eins og berklum og getur falið í sér æsku, fegurð, gáfur, hnignun, depurð og dæmda ást eða ill örlög. Helstu niðurstöðurnar eru þær að í ljóðum þessara þriggja skálda, sem öll dóu úr berklum, megi greina hliðstæð einkenni og bent hefur verið á í erlendum berklaskáldskap. Áður nefndar andstæður setja sterkan svip á kvæði þeirra allra. Mikið ber á myndmáli kulda og þrá eftir hlýju og birtu. Haust- og vetrarlandslag myndar þá gjarnan andstæðu við vor- og sumarmyndir. Í kvæðum Jóhanns Gunnars birtast veikindin oft í myndhverfingum og ummyndunum eins og þekkt er úr kvæðum eftir erlend skáld eins og John Keats (1795–

¹¹¹ Ég fjallaði fyrst um berkla og bókmenntir á málþingi Félags áhugamanna um sögu læknisfræðinnar 23. mars 2019 og þakka Óttari Guðmundssyni lækni fyrir að hvetja mig til að kanna þetta efni. Erlu Dóris Halldórsdóttur, Úlfari Bragasyni og Þóri Óskarssyni þakka ég fyrir að lesa greinina yfir í handriti og benda á það sem betur mátti fara.

1821) sem berklar drógu til dauða. Þeir yrkja báðir um föla riddara sem eru milli heims og helju (kvæðin *La Belle Dame sans Merci* og *Í val*). Jóhann Gunnar sækir stef og stíl í þjóðkvæði og lætur ljóðrænan óhugnað þeirra endurspegla vanlíðan og ótta þeirra sem eru alvarlega veik. Stefán frá Hvítadal yrkir á beinskeyttari hátt þó að hann beiti líka myndmáli til að lýsa þeirri líðan og tilfinningum sem fylgja því að vera haldinn lífshættulegum sjúkdómi. Kvæði Stefáns einkennast af hispurslausri tjáningu og tilfinningasveiflum sem lýsa von um bata og ótta við dauðann. Guðfinna frá Hömrum skapar ákveðinn ljóðheim sem helgast af fegurð, samhljómi og birtu. Tónlist setur sterkan svip á skáldskapinn og myndar eins konar hljómgrunn í lýsingum á náttúrunni og tilfinningum. Guðfinna yrkir um dulúðuga tóna og hljóma sem óma í sköpunarverkinu og tengja má hugmyndinni um „hljómlist hvolfanna“ (lat. *Musica universalis*, e. *Music of the spheres*). Keats yrkir á svipaðan hátt í *Ode on a Grecian Urn* og skapar í ljóðum sínum heim fegurðar og samhljóms. Nálgæðin við dauðann og undirliggjandi depurð koma víða fram í ljóðum Guðfinnu og geta tekið á sig tónlistarmyndir. Þannig má greina ýmis einkenni berklabókmennta í ljóðum Guðfinnu en í samanburði við skáldskap Jóhanns Gunnars og Stefáns er ljóðheimur hennar fagurfræðilegri og hljómrænni. Í lok greinarinnar er hvatt til frekari rannsókná á íslenskum bókmenntum sem tengjast berklum.

Lykilorð: berklar, rómantik, íslensk ljóðagerð, Jóhann Gunnar Sigurðsson, Stefán Sigurðsson, Guðfinna Jónsdóttir

ABSTRACT

“The knight leans on his broken sword, / Pale is his young cheek” Representations of tuberculosis in poetry

This article looks at tuberculosis-related poetry. It begins with a general introduction to the history of tuberculosis and its cultural importance as a “romantic disease”. It then summarizes the results of foreign studies on the main characteristics of tuberculosis literature. Susan Sontag and Katherine Byrne have pointed out common characteristics such as flower imagery, colour and colourlessness (redness, pallor), heat and cold, military language (battle; tuberculosis as an enemy) and personifications of tuberculosis or death (spectre, ghost, skeleton). Furthermore, they have shown how tuberculosis poetry often displays strong contrasts such as the thirst for life and the desire for death, beauty and ugliness, love and hatred or bitterness, passion and dullness, creativity and paralyzing melancholy, activity and passivity, body and spirit. The article asks whether similar characteristics can be found in Icelandic poetry. It centres on selected works by three poets who all died of tuberculosis, Jóhann Gunnar Sigurðsson (1882–1906), Stefán Sigurðsson

from Hvítidalur (1887–1933) and Guðfinna Jónsdóttir from Hamrar (1899–1946). Attention is also paid to the cluster of ideas associated with diseases such as tuberculosis, which often include youth, beauty, intelligence, decline, melancholy and doomed love or ill fate. The main findings are that in the poems of these three poets, one can find similar characteristics to those identified in foreign tuberculosis poetry. All of the contrasts mentioned above feature prominently in their poems. The poets all use the imagery of cold and a longing for warmth and light. Autumn and winter landscapes often form a contrast with spring and summer images. In Jóhann Gunnar Sigurðsson's poems, the illness often appears in metaphors and transformations of the same kind as those found in poems by poets such as John Keats (1795–1821), who also died of tuberculosis. Both poets write about pale knights who find themselves between life and death (the poems *La Belle Dame sans Merci* and *I val*). Jóhann Gunnar draws on folk poetry for theme and style, evoking a ballad-like unease and horror to reflect the distress and fear of those who are seriously ill. Stefán Sigurðsson writes in a more direct manner, although he also uses imagery to describe the feelings that come with being afflicted with a life-threatening disease. His poems are characterized by candid expression and emotional fluctuations between the hope for recovery and fear of death. Guðfinna Jónsdóttir creates a poetical world that combines beauty, harmony and light. Music is a common factor in her descriptions of nature and emotions. Guðfinna writes about mysterious tones and sounds that resonate in the whole of creation and can be connected to the idea of the “Music of the spheres” (Lat. *Musica universalis*). Keats writes in a similar fashion in *Ode on a Grecian Urn*, creating a world of beauty and harmony in his poems. The proximity to death and an underlying melancholy is a recurrent theme in Guðfinna's poems, something also expressed in musical terms. Thus, various characteristics of tuberculosis literature can be discerned in her poetry, but in comparison to Jóhann Gunnar and Stefán, her poetical world is of a more aesthetic and sonorous nature. The article concludes by calling for a further study of tuberculosis-related literature by Icelandic authors and poets.

Keywords: tuberculosis, romanticism, Icelandic poetry, Jóhann Gunnar Sigurðsson, Stefán Sigurðsson, Guðfinna Jónsdóttir

SVEINN YNGVI EGILSSON

Prófessor í íslenskum bókmenntum

Íslensku- og menningardeild

Hugvísindasviði Háskóla Íslands

sye@hi.is